

# Alþjóða lyfjareglurnar



2015

## Alþjóða lyfjareglurnar

Alþjóða lyfjareglurnar voru samþykktar árið 2003, tóku gildi árið 2004 og var síðan breytt með gildistöku 1. janúar 2009. Þetta skjal inniheldur breytingar á alþjóða lyfjareglunum sem framkvæmdastjórn alþjóða lyfjaeftirlitsstofnunarinnar samþykkti í Jóhannesborg, Suður-Afríku, 15. nóvember 2013. Endurskoðuðu alþjóða lyfjareglurnar 2015 gilda frá og með 1. janúar 2015.

Útgefið af:

World Anti-Doping Agency  
Stock Exchange Tower  
800 Place Victoria (Suite 1700)  
PO Box 120  
Montreal, Quebec,  
Canada H4Z 1B7

URL: [www.wada-ama.org](http://www.wada-ama.org)

Sími: +1 514 904 9232  
Fax: +1 514 904 8650  
Netfang: [code@wada-ama.org](mailto:code@wada-ama.org)

# Tilgangur, umfang og skipulag alþjóðlegs lyfjaeftirlits og lyfjareglurnar

Tilgangur alþjóða lyfjareglanna og alþjóða lyfjaeftirlitsins sem styður þær er:

- Að vernda grundvallarrétt *íþróttamanna* til að taka þátt í lyfjamisnotkunarlausum íþróttum og stuðla þannig að heilbrigði, sanngirni og jafnrétti fyrir *íþróttamenn* um allan heim og
- Til að tryggja samræmdar, samstilltar og skilvirkar áætlanir gegn lyfjamisnotkun á alþjóðavísu og landsvísu hvað varðar greiningu, hömlur og forvarnir.

## Lyfjareglurnar

*Lyfjareglurnar* eru grundvallarskjalið sem *alþjóða lyfjaeftirlitið* í íþróttum byggir á. Tilgangur *lyfjareglanna* er að stuðla að baráttu gegn lyfjamisnotkun með alhliða samræmingu á kjarnaþáttum hennar. Reglurnar eiga að vera nógu sértækar til að ná fullkomnu samræmi í málum þar sem einsleitni er þörf, en þó nógu almennar á öðrum sviðum til að leyfa sveigjanleika í framkvæmd samþykktra meginreglna gegn lyfjamisnotkun. Við gerð laganna er tekið tillit til meginreglna um meðalhóf og mannréttindi.

## Alþjóða lyfjaeftirlitið

*Alþjóða lyfjaeftirlitið* nær til allra þeirra þátta sem þarf til að tryggja besta samræmið og besta verklagið í alþjóðlegum og landsáætlunum gegn lyfjamisnotkun. Helstu þættirnir eru:

Fyrsta stig: *Lyfjareglurnar*

Annað stig: *Alþjóðleg viðmið*

Þriðja stig: *Líkön fyrir bestu starfsvenjur*

## Alþjóðlegar reglur

*Alþjóðlegar reglur* fyrir mismunandi tækni- og framkvæmdahluta alþjóða lyfjaeftirlitsins hafa verið og verða þróaðar í samráði við *undirritunaraðila* og stjórnvöld og samþykkt af WADA. Tilgangur alþjóðlegu reglnanna er samræming hjá lyfjaeftirlitum sem bera ábyrgð á sértækum tækni- og framkvæmdahlutum áætlana gegn lyfjamisnotkun. Fylgi við *alþjóðlegu reglurnar* er lögboðið til að hlíta *lyfjareglunum*. Framkvæmdaráð WADA getur breytt *Alþjóðlegu reglunum* hverju sinni að höfðu sanngjörnu samráði við *undirritunaraðila*, stjórnvöld og aðra viðeigandi hagsmunaaðila. *Alþjóðlegu reglurnar* og allar breytingar verða birtar á vefsíðu WADA og öðlast gildi á þeim degi sem er tiltekinn í *alþjóðlegu reglunum* eða breytingunum.

## Bestu starfsvenjur og fyrirmæli

Bestu starfsvenjur samkvæmt lyfjareglunum og alþjóðlegum reglum verða þróaðar til að veita sem bestar lausnir á ólíkum sviðum baráttu gegn lyfjamisnotkun. WADA mælir með þessum bestu starfsvenjum og leiðbeiningum og *undirritunaraðilar* fá þær í hendur, sem og aðrir viðkomandi

hagsmunaaðilar en þær verða ekki lögboðnar. WADA útvegar gögn um þessar bestu starfsvenjur og býður einnig undirritunaraðilum upp á aðstoð við þjálfun.

### **Grundvallarrökstuðningur fyrir alþjóðlegum lyfjareglum**

Áætlanir gegn lyfjamisnotkun leitast við að varðveita grunngildi íþróttar. Þessi grunngildi eru oft kölluð “íþróttandinn”; þetta er kjarni Ólympíuhugsjónarinnar; sókn að framúrskarandi árangri með fullkomnun meðfæddra hæfileika hvers einstaklings. Þetta er hin sanna keppni. Íþróttandinn er hylling mannsandans, líkama og sálar og kemur fram í gildum sem við finnum í íþróttum og fyrir tilstuðlan þeirra. Þar á meðal eru:

- Siðareglur, drengskapur og heiðarleiki
- Heilbrigði
- Afburða frammistaða
- Skapfesta og fræðsla
- Gleði og gaman
- Samvinna
- Ástundun og ábyrgð
- Virðing fyrir reglum og lögum
- Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum þátttakendum
- Hugrekki
- Samheldni og samstaða

Lyfjamisnotkun er í eðli sínu andstæð íþróttandanum.

Til að berjast gegn lyfjamisnotkun með því að efla íþróttandanum, gera lyfjareglurnar þær kröfur að sérhvert lyfjaeftirlit þrói og komi á fræðslustarfi og forvörnum fyrir íþróttamenn, þar á meðal unglunga og aðstoðarfólk íþróttamanna.

## **FYRSTI KAFLI**

### **LYFJAEFTIRLIT**

#### **INNGANGUR**

Í fyrsta hluta *lyfjareglanna* eru settar fram ítarlegar reglur um lyfjamisnotkun og meginreglur sem þeim samböndum ber að hlíta sem bera ábyrgð á upptöku þeirra, framkvæmd eða framfylgingu þeirra innan síns valdsviðs, s.s. Alþjóða Ólympíunefndin, Alþjóða-Ólympíuhreyfing fatlaðra, alþjóðasambönd, Ólympíunefndir og Ólympíunefndir fatlaðra í hverju landi, *skipulagsnefndir stórmóta* og Lyfjaeftirlitsnefndir landa. Öll þessi sambönd nefnast einu nafni lyfjaeftirlit

Öll ákvæði lyfjareglanna eru í eðli sínu lögbundin og verður lyfjaeftirlit hverrar þjóðar, íþróttamaður og einstaklingur að hlíta þeim eins og við á. Lyfjareglurnar koma ekki í staðinn fyrir eða gera óþarfar viðtækar lyfjareglur lyfjaeftirlits hverrar þjóðar. Sum ákvæði lyfjareglanna verður *lyfjaeftirlit* að fella inn í reglur sínar um lyfjamisnotkun án efnislegra breytinga en önnur ákvæði lyfjareglanna kveða á um lögboðnar leiðbeinandi meginreglur sem heimila sveigjanleika í mótun reglna hjá hverju *lyfjaeftirliti* eða kveða á um kröfur sem hvert *lyfjaeftirlit* verður að fylgja en óþarfi er að endurtaka í lyfjareglum þess.

Lyfjareglur, eins og keppnisreglur, eru íþróttareglur um þau skilyrði sem keppni í íþrótt er háð. *Íþróttamenn* eða aðrir einstaklingar viðurkenna þessar reglur sem skilyrði fyrir þátttöku og skulu bundnir af þeim. Allir undirritunaraðilar skulu setja reglur og verklagsreglur til að tryggja að allir íþróttamenn eða aðrir einstaklingar sem eru undir valdsviði undirritunaraðila og aðildarsamtökum hans, séu upplýstir um þær og að þeir samþykki að lúta lyfjareglum viðkomandi lyfjaeftirlits.

Hver *undirritunaraðili* skal setja reglur og verklagsreglur til að tryggja að allir íþróttamenn eða aðrir einstaklingar sem lúta valdsviði *undirritunaraðila* og aðildarsamtaka hans, samþykki miðlun persónulegra upplýsinga þeirra eftir þörfum eða heimildum lyfjareglanna og séu bundnir af og hlíti ákvæðum lyfjareglanna og að þeir íþróttamenn eða aðrir einstaklingar sem brjóta gegn þessum reglum, sæti viðeigandi refsingum. Þessar sértæku íþróttareglur og verklagsreglur sem ætlað er að framfylgja lyfjareglum á heimsvísu og með samræmdum hætti eru í eðli sínu frábrugðnar sakamálum og einkamálum og eru því ekki háðar eða takmarkaðar af landsreglum og lagaákvæðum sem gilda um slík mál, þótt ætlast sé til að þeim sé beitt með meðalhófsreglur og mannréttindi í huga. Þegar gögn og lagaákvæði í tilteknu máli eru metin, skulu allir dómstólar, gerðadómar og aðrir úrskurðaraðilar þekkja og virða hið sérstaka eðli ákvæða lyfjareglanna og þá staðreynd að þessar reglur endurspeglu samhljóða álit stórs hóps hagsmunaaðila um allan heim með drengilega keppni að leiðarljósi.

### **Grein 1. SKILGREINING Á LYFJAMISNOTKUN**

Lyfjamisnotkun er skilgreind sem eitt eða fleiri brot á reglum um lyfjamisnotkun eins og þær eru settar fram í greinum 2.1 til 2.10 í lyfjareglunum.

### **Grein 2 BROT Á REGLUM UM LYFJAMISNOTKUN**

Tilgangur 2. greinar er að tilgreina aðstæður og framferði sem teljast brot á reglum um lyfjamisnotkun. Skýrslutökur í lyfjamisnotkunarmálum skulu byggðar á þeirri fullyrðingu að ein eða fleiri slíkar tilgreindar reglur hafi verið brotnar.)

Íþróttamenn eða aðrir einstaklingar eru ábyrgir fyrir að vita hvað telst brot á lyfjareglum og vita hvaða efni og aðferðir eru á bannlistanum.

Eftirfarandi telst brot á reglum um lyfjamisnotkun:

2.1 Tilvist *bannaðs efnis* eða *myndefnis* þess eða *leiðarmerkja* í líkamssýni íþróttamanns.

2.1.1. Hverjum *íþróttamanni* er skylt að tryggja að ekkert bannað efni fari inn í líkama hans. *Íþróttamenn* bera ábyrgð á *bönnuðu efni*, *myndefni* þess eða *leiðarmerkjum* sem finnast í *líkamssýnum* þeirra. Samkvæmt því er ekki nauðsynlegt að sýna fram á ásetning, mistök, vanrækslu eða meðvitaða notkun *íþróttamannsins* til að staðfesta brot á lyfjareglu samkvæmt grein 2.1.

2.1.2 Fullnægjandi sönnun um brot á reglum um lyfjamisnotkun samkvæmt grein 2.1 telst eitthvað af eftirfarandi: Bannað efni eða myndefni þess eða leiðarmerki í A-sýni íþróttamanns þar sem íþróttamaðurinn gerir ekki kröfu um B-sýni og B-sýnið er ekki greint; eða þar sem B-sýni íþróttamanns er greint og greining B-sýnisins staðfestir bannað efni eða myndefni þess eða leiðarmerki í A-sýni íþróttamannsins, eða þar sem B-sýni íþróttamanns er skipt í tvö glös og greining á seinna glasinu staðfestir tilvist bannaðs efnis eða myndefna þess eða leiðarmerkja sem fundust í fyrra glasinu.

2.1.3 Að frátöldum þeim efnum þar sem magnmörk eru tiltekin á bannlistanum, skal greind tilvist bannaðs efnis í einhverju magni, eða myndefni þess eða leiðarmerki í sýni íþróttamanns teljast brot á reglum um lyfjamisnotkun.

2.1.4 Sem undanþága á almennri reglu greinar 2.1, má bannlistinn eða alþjóðlegar reglur setja fram sérstök ákvæði um mat bannaðra efna sem geta orðið til í líkamanum.

2.2 **Notkun eða tilraun til notkunar á bönnuðu efni eða bannaðri aðferð**

2.2.1 Hverjum *íþróttamanni* er skylt að tryggja að ekkert bannað efni fari inn í líkama hans og að ekkert bannað efni sé notað. Samkvæmt því er ekki nauðsynlegt að sýna fram á ásetning, mistök, *vanrækslu* eða meðvitaða notkun *íþróttamannsins* til að staðfesta brot á lyfjareglu um notkun bannaðs efnis eða bannaðrar aðferðar.

2.2.2 Heppnuð eða misheppnuð notkun bannaðs efnis eða bannaðrar aðferðar skiptir ekki máli. Það nægir að bannaða efnið eða bannaða aðferðin var notuð eða reynt að nota hana til að brjóta reglur um lyfjamisnotkun.

2.3 **Að komast hjá, neita eða láta hjá líða að veita sýni**

**Að komast hjá sýnistöku eða án óyggjandi réttlætningar, að neita eða mæta ekki til sýnistöku eftir boðun eins og heimilað er í viðeigandi reglum um lyfjamisnotkun.**

2.4 Vanræksla á tilkynningu. Einhver þrjú tilvik um skróp í prófum og/eða tilkynningaskyldu, samkvæmt skilgreiningu alþjóðareglna um lyfjapróf og rannsóknir, á tólf mánaða tímabili af hálfu íþróttamanns í skráðum lyfjaprófunarhópi.

2.5 **Fölsun eða tilraun til fölsunar við einhvern þátt lyfjaeftirlits.**

Framferði sem grefur undan lyfjaeftirliti en er ekki að öðru leyti lýst í skilgreiningu á bönnuðum aðferðum. Fölsun felur í sér án takmarkana, viljandi truflun eða tilraun til truflunar á störfum lyfjaeftirlitsmanns, rangar upplýsingar til lyfjaeftirlits eða ógnun eða tilraun til að ógna mögulegu vitni.

2.6 **Varsla á bönnuðu efni og aðferð**

- 2.6.1 Varsla íþróttamanns á keppnistíma á bannaðri aðferð eða bönnuðu efni, eða varsla íþróttamanns utan keppnistíma á bönnuðu efni eða á bannaðri aðferð, sem er bannað utan keppni, nema íþróttamaðurinn sýni fram á að varslan sé samkvæmt undanþágu um notkun til lækningar (TUE”) sem er veitt í samræmi við grein 4.4. eða aðra ásættanlega skýringu.
- 2.6.2 Varsla aðstoðarfólks íþróttamanns í keppni á bannaðri aðferð eða bönnuðu efni eða varsla aðstoðarfólks íþróttamanns utan keppni á bönnuðu efni eða bannaðri aðferð sem er bannað utan keppni í tengslum við íþróttamann, keppni eða þjálfun nema viðkomandi aðstoðarfólk staðfesti að varslan sé samkvæmt TUE veittri íþróttamanni í samræmi við grein 4.4. eða aðra ásættanlega skýringu.

## 2.7 Viðskipti eða tilraun til viðskipta með bannað efni eða bannaða aðferð

2.8 Gjöf eða tilraun til að gefa íþróttamanni í keppni bannað efni eða beita bannaðri aðferð, eða gjöf eða tilraun til að gefa íþróttamanni utan keppni bannað efni eða bannaða aðferð sem er bannað utan keppni.

## 2.9 Samsekt

Aðstoð, hvatning, hjálp, stuðningur, samráð, yfirhýlming eða annars konar samsekt að yfirlögðu ráði sem felur í sér brot á reglum um lyfjamisnotkun eða tilraun til brots á lyfjareglum eða brot annars aðila á grein 10.12.1.

## 2.10 Óheimilt samband.

Samband íþróttamanns eða annars aðila sem lýtur valdi lyfjæftirlits vegna starfs síns eða í íþróttatengdu starfi, við aðstoðaraðila íþróttamanns, sem:

2.10.1 Ef viðkomandi lýtur valdi lyfjæftirlits og er í keppnisbanni; eða

2.10.2 Ef viðkomandi lýtur ekki valdi lyfjæftirlits og þar sem keppnisbann hefur ekki verið tekið fyrir samkvæmt reglunum, hefur verið dæmdur eða hefur verið fundinn sekur í sakamáli, agamáli eða faglegu máli um framferði sem hefði talist brot á lyfjareglum, ef lyfjareglur hefðu gilt um viðkomandi aðila. Bann slíks aðila skal gilda í sex ár frá úrskurði í téðu sakamáli, agamáli eða faglegu máli eða sem nemur viðkomandi viðurlögum í úrskurði og gildir þá sá tími sem lengri er; eða

2.10.3. Er leppur eða milligönguaðili fyrir einstakling sem lýst er í grein 2.10.1 eða 2.10.2.

Til að þetta ákvæði gildi er nauðsynlegt að íþróttamaðurinn eða hinn aðilinn hafi áður fengið skriflegar upplýsingar frá lyfjæftirliti sem hefur lögsögu yfir íþróttamanninum eða hinum aðilanum, eða af hálfu WADA, um bannstöðu viðkomandi aðstoðaraðila íþróttamannsins og mögulegar afleiðingar bannaðs sambands og að íþróttamaðurinn eða hinn aðilinn geti með réttu komist hjá sambandinu. Lyfjæftirlitið skal einnig kappkosta að ráðleggja viðkomandi aðstoðaraðila íþróttamanns sem tilkynningin til íþróttamannsins varðar, eða hinum aðilanum, að aðstoðaraðilinn geti innan 15 daga mætt til lyfjæftirlitsins til að útskýra að ákvæðin sem lýst er í greinum 2.10.1 og 2.10.2 gildi ekki um hann/hana (Þrátt fyrir grein 17, gildir þessi grein jafnvel þegar hið bannaða framferði aðstoðaraðilans átti sér stað fyrir gildisdaginn sem kveðið er á um í grein 25.).

Það er á ábyrgð íþróttamannsins eða hins aðilans að staðfesta að sambandið við aðstoðaraðilann sem lýst er í grein 2.10.1 eða 2.10.2 sé ekki faglegs eða íþróttalegs eðlis.

Lyfjæftirlitum sem kunnugt er um aðstoðaraðila íþróttamanns sem uppfyllir þau skilyrði sem lýst er í grein 2.10.1, 2.10.2 eða 2.10.3 skal tjá WADA um það.

## GREIN 3 Sönnun um lyfjamisnotkun

### 3.1 Sönnunarbyrði og viðmið

Lyfjæftirlit skal sýna fram á að brot á reglum um lyfjamisnotkun hafi átt sér stað. Sönnun miðast við að eftirlitið sýni fram á brot á reglum um lyfjamisnotkun á fullnægjandi hátt að mati dómstólsins með það í huga hve þessi ásökun er alvarleg. Þetta sönnunarviðmið er í öllum tilvikum mikilvægara en einfaldar jafnræðislíkur en léttvægara en sönnun fram yfir eðlilegan vafa. Þar sem lyfjareglurnar færa sönnunarbyrðina til íþróttamannsins eða annars einstaklings sem talinn er hafa brotið reglur um lyfjamisnotkun, til að andmæla ályktun eða lýsa ákveðnum staðreyndum eða aðstæðum skal sönnun miðast við jafnræðislíkur.

### 3.2 Aðferðir við staðfestingu staðreynda og ályktana

Staðreyndir sem tengjast brotum á reglum um lyfjamisnotkun má staðfesta með sérhverjum áreiðanlegum hætti, þar á meðal játningu. Eftirfarandi reglur um sönnun gilda í lyfjamálum.

3.2.1 Greiningaraðferðir eða ákvörðunarmörk sem WADA samþykkir að höfðu samráði við viðkomandi vísindamenn og hafa sætt jafningjarýni teljast vísindalega gildar. Íþróttamanni eða öðrum aðila sem leitast við að mótmæla þessari forsendu um vísindalegt gildi, er gert að lúta því skilyrði að tilkynna WADA fyrirfram um slíka véfengingu og grundvöll hennar. CAS er einnig heimilt að eigin frumkvæði að upplýsa WADA um slíka véfengingu. Að beiðni WADA skal CAS-ráðið tilnefna viðeigandi vísindasérfræðing til að aðstoða ráðið við mat á véfengingunni. Innan tíu daga frá því að WADA berst slík tilkynning og skýrsla CAS, á WADA rétt á inngripi sem aðili, komið fram sem vinur réttarins (*amicus curiae*) eða með öðrum hætti leggja til málgögn í slíkri málsmeðferð.

3.2.2 Rannsóknarstofur samþykktar af WADA skulu hafa greint sýnið og varðveitt það samkvæmt alþjóðlegum rannsóknarstofureglum. Íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur má mótmæla þessari niðurstöðu með staðfestingu á að vikið hafi verið frá alþjóðlegum rannsóknarstofureglum sem gæti hafa valdið röngum niðurstöðum greiningar.

Ef íþróttamaðurinn hafnar niðurstöðu með því að sýna fram á að vikið hafi verið frá alþjóðlegu rannsóknarstofureglunum sem gæti hafa valdið röngum greiningarniðurstöðum, skal lyfjæftirlit sýna fram á að viðkomandi frávik hafi ekki haft áhrif á óeðlilegar niðurstöður.

3.2.3 Frávik frá alþjóðlegum viðmiðum um lyfjapróf eða öðrum lyfjareglum eða stefnu, sem kveðið er á um í reglum eða reglum lyfjæftirlits, sem leiddi ekki til rangra greiningarniðurstaðna eða annars brots á lyfjareglum, skal ekki ógilda slík gögn eða niðurstöðu. Ef íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur sýnir fram á að frávik frá alþjóðlegu viðmiðunum eða öðrum lyfjareglum eða stefnum, sem gætu með réttu hafa valdið broti á lyfjareglum sem byggist á röngum greiningarniðurstöðum eða að annað brot á lyfjareglum hafi átt sér stað, þá ber lyfjæftirliti að sýna fram á að viðkomandi frávik höfðu ekki áhrif á niðurstöðurnar eða þá staðreynd að brot á reglum um lyfjamisnotkun hafi átt sér stað.

3.2.4 Staðfestar staðreyndir í úrskurði dómstóls eða aganefndar hæfs lögsagnarumdæmis sem ekki verður áfrýjað telst óhrekjanleg sönnun gegn íþróttamanni eða öðrum einstaklingi sem úrskurðurinn á við, nema íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur staðfestir að úrskurðurinn brjóti gegn meginreglum um eðlilegt réttarfar.

3.2.5 Rannsóknarnefnd við rannsókn á broti á lyfjareglum getur komist að annarri niðurstöðu gagnvart íþróttamanninum eða öðrum einstaklingi sem er talinn hafa brotið lyfjareglur á grundvelli neitunar íþróttamannsins eða annars einstaklings, eftir beiðni með hæfilegum fyrirvara fyrir skýrslutöku, að mæta fyrir rannsóknarnefndinni (annaðhvort í eigin persónu eða símleiðis skv. fyrirmælum nefndarinnar) og svara spurningum rannsóknarnefndarinnar eða lyfjæftirlitsins sem ályktar að lyfjareglur hafi verið brotnar.

## **GREIN 4 Bannlistinn**

### **4.1 Birting og endurskoðun bannlista**

WADA skal eins oft og nauðsyn þykir, ekki sjaldnar er árlega, birta bannlistann sem alþjóðlegt viðmið. Efni bannlistans og allar breytingar skal leggja fram skriflega til allra undirritunaraðila og stjórnvalda til athugasemda og umræðu. Hver ársútgáfa bannlistans og allar breytingar skulu sendar á vegum WADA til allra undirritunaraðila, WADA-vottaðra rannsóknarstofa eða samþykktra rannsóknarstofa og stjórnvalda og birtast á vefsíðu WADA og sérhver undirritunaraðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til að dreifa bannlistanum til allra meðlima sinna og fulltrúa. Reglur hvers lyfjaeftirlits skulu tiltaka að ef ekki er sýnt fram á annað í bannlista eða breytingum, tekur bannlistinn ásamt breytingum gildi samkvæmt reglum lyfjaeftirlitsins þremur mánuðum eftir birtingu bannlistans af hálfu WADA án frekari aðgerða af hálfu lyfjaeftirlitsins.

### **4.2 Bönnuð efni og bannaðar aðferðir samkvæmt bannlista**

#### **4.2.1 Bönnuð efni og bannaðar aðferðir**

Bannlistinn skal tilgreina bönnuð efni og bannaðar aðferðir sem teljast ætíð lyfjamisnotkun (bæði í keppni og utan keppni) vegna möguleika þeirra að bæta árangur í komandi keppnum eða felumöguleikar þeirra og efni og aðferðir sem eru aðeins bönnuð í keppni. WADA má gera bannlistann ítarlegri fyrir tiltekna íþróttagrein. Bönnuð efni og bannaðar aðferðir má tilgreina á bannlistanum í almennum flokkum (t.d. anabólísk efni) eða með sérstakri tilvísun til ákveðins efnis eða aðferðar.

#### **4.2.2 Tilgreind efni**

Vegna beitingu greinar 10 skulu öll bönnuð efni teljast “tilgreind efni”, nema efni sem flokkast undir anabólísk efni og hormónaefni og örvandi efni og mótlyf og mótunarlyf eins og þau eru tilgreind á bannlistanum. Í flokki bannaðra efna skulu ekki vera bannaðar aðferðir.

#### **4.2.3 Nýir flokkar bannaðra efna.**

Ef WADA lengir bannlistann með því að bæta við nýjum flokki bannaðra efna í samræmi við grein 4.1, skal framkvæmdaráð WADA ákveða hvort eitthvað eða öll bönnuðu efnin í nýjum flokki bannaðra efna skuli teljast tilgreind efni samkvæmt grein 4.2.2.

### **4.3 Skilyrði fyrir skráningu efna og aðferða á bannlistann**

WADA tekur mið af eftirfarandi skilyrðum þegar ákveðið er hvort efni eða aðferð verði bætt á bannlistann.

4.3.1 Efni eða aðferð kemur til greina fyrir skráningu á bannlista ef WADA ákveður einhliða að efnið eða aðferðin uppfylli tvö af eftirfarandi þremur skilyrðum:

4.3.1.1 Læknisfræðileg eða önnur vísindaleg gögn, lyfjafræðileg áhrif eða reynsla sýna að efnið eða aðferðin hafi möguleika til að bæta eða bæti árangur í íþrótt;

4.3.1.2 Læknisfræðileg eða önnur vísindaleg gögn, lyfjafræðileg áhrif eða reynsla sýna að notkun efnisins eða aðferðarinnar skaði eða geti skaðað heilsu íþróttamannsins;



4.3.1.3 Úrskurður WADA að notkun efnisins eða aðferðarinnar brjóti gegn íþróttandaðnum eins og honum er lýst í inngangi að lyfjareglunum.

4.3.2 Efni eða aðferð skal einnig vera á bannlistanum ef WADA úrskurðar að læknisfræðileg eða önnur vísindaleg gögn, lyfjafræðileg áhrif eða reynsla sýni að efnið eða aðferðin geti mögulega falið notkun bannaðra efna og bannaðra aðferða.

4.3.3 Úrskurður WADA um bönnuð efni og bannaðar aðferðir sem verða skráð á bannlistann, flokkun efna á bannlista og flokkun á efni sem er alltaf bannað í keppni, skal vera endanlegur og verður ekki véfengdur af hálfu íþróttamanns eða einstaklings með þeim rökum að efnið eða aðferðin var ekki feluefni eða hafði burði til að bæta árangur, stofnaði heilsu í hættu eða stríddi gegn íþróttandaðnum.

#### 4.4 Undanþágur vegna notkunar til lækninga ("TUE")

4.4.1 Tilvist bannaðs efnis eða myndefnis þess eða leiðarmerkja og/eða notkun eða tilraun til notkunar, varsla eða gjöf eða tilraun til gjafar á bönnuðu efni eða bannaðri aðferð telst ekki brot á lyfjareglum ef það er í samræmi við ákvæði um veitingu undanþágu (TUE) samkvæmt alþjóðlegum reglum um undanþágur til lækninga.

4.4.2 Íþróttamaður sem er ekki á alþjóðastigi skal sækja um undanþágu til lyfjaeftirlits lands síns. Ef lyfjaeftirlitið hafnar umsókninni er íþróttamanni heimilt að áfrýja til áfrýjunaraðila landsins sem kveðið er á um í greinum 13.2.2 og 13.2.3.

4.4.3 Íþróttamaður sem er á alþjóðastigi skal sækja um til alþjóðasambands síns.

4.4.3.1 Hafi íþróttamaður þegar fengið TUE frá lyfjaeftirliti lands síns vegna viðkomandi efnis eða aðferðar og TUE uppfyllir skilyrði alþjóðlegra reglna um undanþágur vegna lækninga, þá ber alþjóðasambandinu að viðurkenna það. Ef alþjóðasambandið telur að viðkomandi TUE uppfylli ekki téð skilyrði og neitar að staðfesta það, ber því að tilkynna það íþróttamanninum og lyfjaeftirliti lands hans/hennar það tafarlaust, ásamt rökstuðningi. Íþróttamaðurinn eða lyfjaeftirlit hans hefur 21 dag frá slíkri tilkynningu til að vísa málinu til WADA til skoðunar og sé það gert er viðkomandi TUE sem lyfjaeftirlit landsins veitti, gilt í keppni á landsstigi og í prófunum utan keppni (en gildir ekki fyrir keppni á alþjóðlegu stigi) meðan málið er til meðferðar hjá WADA. Ef málinu er ekki vísað til WADA til skoðunar, verður TUE ógilt þegar þessu 21 dags skoðunartímabili lýkur.

4.4.3.2 Hafi íþróttamaðurinn ekki fengið TUE hjá lyfjaeftirliti sínu vegna viðkomandi efnis eða aðferðar, ber íþróttamanninum að sækja beint um TUE til alþjóðasambands síns um leið og þörf krefur. Ef alþjóðasambandið (eða lyfjaeftirlit landsins, sem hefur samþykkt að skoða umsóknina fyrir hönd alþjóðasambandsins) hafnar umsókn íþróttamannsins, ber því að tilkynna íþróttamanninum það tafarlaust með rökstuðningi. Ef alþjóðasambandið veitir íþróttamanninum undanþáguna, ber því að tilkynna það íþróttamanninum og lyfjaeftirliti hans og ef lyfjaeftirlit landsins telur að TUE uppfylli ekki skilyrði alþjóðareglna um undanþágur vegna lækninga, hefur það 21 frá slíkri tilkynningu til að vísa málinu til WADA til skoðunar. Ef lyfjaeftirlit landsins vísar málinu til WADA þá gildir TUE sem alþjóðasambandið veitti í alþjóðlegum keppnum og vegna prófana utan keppni (en ekki í keppnum innanlands) meðan beðið er úrskurðar WADA í málinu. Ef lyfjaeftirlitið vísa málinu ekki til WADA til skoðunar, þá gildir TUE sem alþjóðasambandið veitti einnig í innanlandskeppnum þegar 21 dags umþóttunartíminn er liðinn.

4.4.4 Mótshaldari getur skyldað íþróttamenn til að sækja um TUE til mótshaldara, kjósi þeir að nota bannað efni eða bannaða aðferð í tengslum við mótið. Ef svo er:

4.4.4.1 Mótshaldari skal tryggja að umsóknarferli sé til staðar fyrir íþróttamann, hafi hann/hún ekki TUE. Ef TUE er veitt, gildir það eingöngu á viðkomandi móti.

4.4.4.2 Hafi íþróttamaður fengið TUE hjá lyfjaeftirliti sínu eða alþjóðasambandi, ef TUE uppfyllir skilyrði alþjóðlegra laga um undanþágur vegna notkunar í lækningaskyni, ber mótshaldara að

viðurkenna það. Ef mótshaldari ákveður að TUE uppfylli ekki téð skilyrði og neitar að viðurkenna undanþáguna, ber að tilkynna það íþróttamanninum tafarlaust með rökstuðningi.

4.4.4.3 Íþróttamaður getur áfrýjað ákvörðun mótshaldara að viðurkenna ekki eða veita ekki TUE til óháðs aðila sem er stofnaður eða skipaður af mótshaldara í þeim tilgangi. Áfrýji íþróttamaðurinn ekki (eða áfrýjun ber ekki árangur) er honum/henni óheimilt að nota viðkomandi efni eða aðferð í tengslum við mótið en TUE sem er veitt af lyfjaeftirliti viðkomandi lands íþróttamannsins eða alþjóðasambandi vegna efnisins eða aðferðarinnar gildir fyrir utan þetta mót.

4.4.5 Ef lyfjaeftirlit kýs að taka sýni úr aðila sem er ekki íþróttamaður á alþjóðastigi eða landsstigi og ef viðkomandi er að nota bannað efni eða bannaða aðferð í lækningaskyni, er lyfjaeftirlitinu heimilt að leyfa honum/henni að sækja um afturvirka TUE.

4.4.6 WADA ber að skoða ákvörðun alþjóðasambands að viðurkenna ekki TUE sem lyfjaeftirlit lands hefur veitt og sem vísað er til WADA af hálfu íþróttamannsins eða lyfjaeftirlits hans. Að auki ber WADA að skoða ákvörðun alþjóðasambands að veita TUE sem lyfjaeftirlit lands íþróttamanns vísar til WADA. WADA er heimilt að skoða allar TUE –ákvörðanir hvenær sem er, ýmist samkvæmt beiðni þeirra sem það varðar eða að eigin frumkvæði. Ef endurskoðuð TUE-ákvörðun uppfyllir skilyrði alþjóðlegra viðmiða um undanþágur vegna notkunar til lækninga hefur WADA ekki afskipti af ákvörðuninni. Ef TUE-ákvörðunin uppfyllir ekki skilyrðin, hnekkir WADA henni.

4.4.7 Sérhverri TUE-ákvörðun alþjóðasambands (eða lyfjaeftirlits, sem hefur fallist á að skoða umsókn fyrir hönd alþjóðasambands) sem WADA endurskoðar ekki, eða sem WADA skoðar en hnekkir ekki, má áfrýja af hálfu íþróttamanns og/eða lyfjaeftirlits lands íþróttamannsins, eingöngu til CAS.

4.4.8 Íþróttamaður, lyfjaeftirlit og/eða viðkomandi alþjóðasamband getur áfrýjað ákvörðun WADA að snúa við TUE-ákvörðun, beint til CAS.

4.4.9 Ef ekki er brugðist við innan tímamarka vegna réttmætrar umsóknar um heimild/viðurkenningu á TUE eða um endurskoðun á TUE-ákvörðun, telst það höfnun á áfrýjun.

## **4.5 Eftirlit**

WADA, í samráði við aðra undirritunaraðila og stjórnvöld, skal koma á eftirliti hvað varðar efni sem eru ekki á bannlista en sem WADA vill fylgjast með til að greina mynstur notkunar þeirra í íþróttum. WADA skal birta fyrir hvert lyfjapróf þau efni sem verður fylgst með. Rannsóknarstofur tilkynna heildartölur tilfella um skráða notkun eða greinda tilvist þessara efna til WADA með jöfnu millibili, flokkuð eftir íþrótt og hvort sýni voru tekin í keppni eða utan keppni. Slíkar skýrslur skulu ekki innihalda viðbótarupplýsingar um einstök sýni. WADA veitir alþjóðasamböndum og lyfjaeftirlitum samanteknar tölulegar upplýsingar flokkaðar eftir íþróttagreinum um aukaefnin. WADA skal gera ráðstafanir til að tryggja nafnleynd íþróttamanna í þessum skýrslum. Tilkynnt notkun eða greind tilvist efnanna sem fylgst er með telst ekki brot á lyfjareglum.

## **GREIN 5 LYFJAPRÓF OG RANNSÓKNIR**

### **5.1 Tilgangur dreifingu prófa og rannsókna**

Prófanir og rannsóknir skulu eingöngu gerðar vegna lyfjaeftirlits.

5.1.1 Prófun skal gerð til að afla greinandi gagna varðandi fylgni íþróttamanns (eða brot) við strangt bann reglnanna varðandi tilvist/notkun bannaðs efnis eða bannaðrar aðferðar.

5.1.2 Rannsóknir skulu gerðar:

(a) í tengslum við ódæmigerðar niðurstöður og niðurstöður andstæðar skilríkjum, samkvæmt greinum 7.4 og 7.5, söfnun upplýsinga eða gagna (þar á meðal, einkum, greinandi gagna) til að skera úr um hvort brot á lyfjareglum hafi átt sér stað samkvæmt grein 2.1 og/eða grein 2.2; og

(b) í tengslum við önnur merki um möguleg brot á lyfjareglum, samkvæmt greinum 7.6 og 7.7, öflun upplýsinga eða gagna (þar á meðal en einkum, ógreinandi gagna) til að úrskurða hvort brot á lyfjareglum hafi átt sér stað samkvæmt greinum 2.2 til 2.10.

## 5.2 Umfang prófana.

Lyfjæftirlit getur krafist sýnaveitingu af íþróttamanni sem það hefur vald yfir hvenær og hvar sem er, með fyrirvara um lögsagnarleg mörk vegna prófana á mótum sem kveðið er á um í grein 5.3;

5.2.1. Öll lyfjæftirlit skulu hafa prófunarvald í keppnum og utan keppna yfir öllum íþróttamönnum sem eru ríkisborgarar, íbúar, leyfishafa eða meðlimir íþróttafélags viðkomandi lands eða sem eru staddir í landi viðkomandi lyfjæftirlits.

5.2.2 Öll alþjóðasambönd skulu hafa prófunarvald í keppnum og utan keppna yfir íþróttamönnum sem lúta reglum þeirra, þar á meðal þeim sem taka þátt í alþjóðamótum eða sem taka þátt í mótum sem lúta reglum viðkomandi alþjóðasambands eða sem eru meðlimir eða leyfishafar viðkomandi alþjóðasambands eða landssambands þess eða aðildarfélaga.

5.2.3 Allir mótshaldarar, þar á meðal Alþjóða Ólympíunefndin og Alþjóðaólympíunefnd fatlaðra skulu hafa prófunarvald í keppnum á mótum sínum og utan keppna yfir öllum íþróttamönnum sem skráðir eru í mót þeirra eða hafa með öðrum hætti orðið háðir prófunarvaldi mótshaldara fyrir komandi mót.

5.2.4 WADA skal hafa prófunarvald í keppni og utan keppna eins og kveðið er á um í grein 20.

5.2.5 Lyfjæftirliti er heimilt að prófa alla íþróttamenn sem lúta prófunarvaldi þess og sem eru ekki hættir keppni, þar á meðal íþróttamenn sem eru í keppnisbanni.

5.2.6 Ef alþjóðasamband eða mótshaldari felur eða útvistar einhverjum hluta prófana til lyfjæftirlits lands (beint eða gegnum landssamband) er því lyfjæftirliti heimilt að taka viðbótarsýni eða fela rannsóknarstofunni að framkvæma frekari greiningu á kostnað lyfjæftirlitsins. Ef viðbótarsýni eru tekin eða aðrar greiningar framkvæmdar, ber að tilkynna það alþjóðasambandinu eða mótshaldaranum.

## 5.3 Prófun á mótum

5.3.1 Ef ekki er kveðið á um annað hér fyrir neðan, ber aðeins einn aðili ábyrgð á að hefja og stjórna prófunum á mótssstað meðan á móti stendur. Á alþjóðamótum hefur ábyrgðaraðili mótsins (t.d. Alþjóða Ólympíunefndin á Ólympíuleikum, Alþjóðasambandið á heimsmeistaramóti og Íþróttasamband Ameríku á Ameríku leikunum). Á innanlandsmótum hefur lyfjæftirlit landsins frumkvæði að og umsjón með prófunum. Að beiðni ábyrgðaraðila skulu öll próf á mótstíma utan mótssstaða gerð í samstarfi við þann aðila.

5.3.2 Ef lyfjæftirlit, sem annars hefði prófunarvald, en ber ekki ábyrgð á að hefja og framkvæma prófun á móti, vill framkvæma prófanir á íþróttamönnum á mótssstað á mótstíma, skal lyfjæftirlitið fyrst fá heimild ábyrgðaraðila mótsins til að framkvæma og samræma slíka prófun. Ef lyfjæftirlitið er ekki sátt við viðbrögð ábyrgðaraðila mótsins er lyfjæftirlitinu heimilt, samkvæmt verklagsreglum WADA, að æskja heimildar WADA til að framkvæma prófin og ákveða hvernig slík próf verði samræmd. WADA veitir ekki slíka heimild nema að höfðu samráði við ábyrgðaraðila mótsins. Ákvörðun WADA skal vera endanleg og óáfrýjunarhæf. Ef ekki er kveðið á um annað í heimild til prófana, skulu slík próf teljast utan keppni. Umsjón með niðurstöðum þeirra skal vera á ábyrgð

lyfjæftirlitsins sem á frumkvæði að prófunum, nema kveðið sé á um annað í reglum ábyrgðaraðila mótsins.

Með fyrirvara um takmörkun laga á prófunum í keppni samkvæmt grein 15.1, skal lyfjæftirlit hvers lands hafa prófunarlögsögu yfir öllum íþróttamönnum sem eru staddir í landi viðkomandi lyfjæftirlits eða sem eru innfæddir þar, íbúar, leyfishafar eða tilheyra íþróttafélagi viðkomandi lands. Sérhvert alþjóðasamband skal hafa prófunarlögsögu yfir öllum íþróttamönnum sem eru meðlimir landssambanda eða taka þátt í mótum þeirra. Allir íþróttamenn skulu hlíta beiðni um prófun lyfjæftirlits í viðkomandi lögsögu. Í samstarfi við önnur lyfjæftirlit sem gera prófanir á sömu íþróttamönnum og í samræmi við alþjóðareglur um lyfjapróf, skal sérhvert lyfjæftirlit:

5.3.2 Áður en lyfjæftirlit fær heimild til að hefja og framkvæma prófanir á alþjóðamóti skal WADA hafa samráð við alþjóðasambandið sem er ábyrgðaraðili mótsins. Áður en alþjóðasamband fær heimild til að hefja og framkvæma prófanir á landsmóti skal WADA hafa samráð við lyfjæftirlit viðkomandi lands þar sem mótið fer fram. Lyfjæftirlitið sem hefur og framkvæmir prófanir getur samið við aðra aðila um að bera ábyrgð á sýnatöku eða öðrum þáttum lyfjæftirlitsferlisins.

#### 5.4 Skipulag dreifingu prófa

5.4.1 WADA, í samráði við alþjóðasambönd og önnur lyfjæftirlit, mun samþykka tæknilegt skjal samkvæmt alþjóðareglum um prófanir og rannsóknir sem kveður á um með hættumati hvaða bönnuð efni og/eða bannaðar aðferðir séu líklegastar til að vera misnotaðar í tilteknum íþróttum og íþróttgreinum.

5.4.2 Með þessu hættumati skulu öll lyfjæftirlit með prófunarvald þróa og framkvæma skilvirka, skynsamlega og hóflega prófunardreifingaáætlun með viðeigandi skiptingu milli greina, flokka íþróttamanna, prófunartegunda, sýnategunda og greiningartegunda, allt í samræmi við kröfur alþjóðlegra reglna um prófun og rannsóknir. Öll lyfjæftirlit skulu veita WADA eintak af gildandi prófunardreifingaráætlun sé þess óskað.

5.4.3 Þar sem það er hagkvæmt skal samræma prófun með ADAMS eða öðru kerfi sem WADA hefur samþykkt til að hámarka skilvirkni prófana og koma í veg fyrir óþarfar endurteknar prófanir.

#### 5.5 Prófunarkröfur

Allar prófanir skulu vera samkvæmt alþjóðlegum reglum um prófanir og rannsóknir.

#### 5.6 Upplýsingar um dvalarstað íþróttamanns

Íþróttamenn í skráðum prófunarhóp alþjóðasambands og/eða lyfjæftirlits skulu veita upplýsingar um dvalarstað sinn eins og kveðið er á um í alþjóðlegum reglum um prófun og rannsóknir. Alþjóðasambönd og lyfjæftirlit skulu samræma auðkenningu þessara íþróttamanna og gögn um dvalarstaði þeirra. Öll alþjóðasambönd og lyfjæftirlit skulu gera tiltækan lista gegnum ADAMS eða annað kerfi sem WADA hefur samþykkt með nöfnum viðkomandi íþróttamanna í prófunarhópnum eða með skýrt skilgreindum sértækum skilyrðum. Íþróttamönnum skal tilkynnt fyrirfram hvort þeir eru í skráðum prófunarhópi og þegar þeir eru teknir úr honum. Upplýsingar þeirra um dvalarstaði sem þeir veita meðan þeir eru í skráðum prófunarhópi eru tiltækar gegnum ADAMS eða annað kerfi sem WADA samþykkir, fyrir WADA og önnur lyfjæftirlit sem hafa vald til að prófa íþróttamennina eins og kveðið er á um í grein 5.2. Um þessar upplýsingar skal ætíð gilda alger trúnaður; eingöngu notaðar fyrir skipulagningu, samræmingu eða framkvæmd lyfjæftirlits, til veitingu upplýsinga fyrir líffræðileg skilríki íþróttamanns eða aðrar greinandi niðurstöður, til að styðja rannsókn á mögulegu broti á lyfjareglum eða til að styðja málarekstur vegna meints brots á lyfjareglum og skal upplýsingunum eytt þegar þær þjóna ekki lengur þessum tilgangi, í samræmi við alþjóðlegar reglur um friðhelgi einkalífs og persónuupplýsinga.

5.7 Íþróttamenn snúa aftur til keppni.

5.7.1 Ef íþróttamaður á alþjóðastigi eða landsvísu í skráðum lyfjaprófunarhópi hættir keppni og óskar þess síðan að hefja aftur virka þátttöku í íþróttum, skal íþróttamaðurinn ekki keppa á alþjóðamótum eða landsmótum fyrr en hann hefur verið tiltækur til prófunar, með sex mánaða skriflegum fyrirvara til alþjóðasambands síns og lyfjaeftirlits. Í samráði við viðkomandi alþjóðasamband og lyfjaeftirlit getur WADA veitt undanþágu frá sex mánaða reglunni þar sem stíf beiting viðkomandi reglu myndi teljast ósanngjörn gagnvart íþróttamanninum. Þessari ákvörðun má áfrýja samkvæmt grein 13.

5.7.7.1 Allur árangur í keppni sem næst í trássi við grein 5.7.1 skal vera ógildur.

5.7.2. Ef íþróttamaður hættir keppni í íþrótt meðan hann er í keppnisbanni og óskar þess síðan að hefja aftur keppni, skal íþróttamaðurinn ekki keppa á alþjóðamótum eða landsmótum fyrr en hann hefur verið tiltækur til prófunar, með sex mánaða skriflegum fyrirvara (eða með tilkynningu sem jafngildir keppnisbanninu sem eftir er miðað við daginn sem íþróttamaðurinn hætti, ef það tímabil var lengra en sex mánuðir) til alþjóðasambands síns og lyfjaeftirlits.

## 5.8 Rannsóknir og öflun gagna

Lyfjaeftirlit skulu tryggja að þau geti gert allt eftirfarandi, samkvæmt alþjóðlegum reglum um prófun og rannsóknir og eins og við á:

5.8.1 Afla, meta og vinna gögn um brot á lyfjareglum frá öllum tiltækum heimildum til að upplýsa þróun skilvirkrar, skynsamlegrar og hóflegrar prófanaáætlunar, að skipuleggja markvissar prófanir og/eða skapa grundvöll fyrir rannsókn á mögulegu broti eða brotum á lyfjareglum; og

5.8.2 Rannsaka ódæmigerðar niðurstöður og andstæðar skilríkjaniðurstöðum samkvæmt greinum 7.4 og 7.5; og

5.8.3 Rannsaka allar aðrar greinandi eða ógreinandi upplýsingar eða gögn sem benda til mögulegs brots á lyfjareglum, í samræmi við greinar 7.6 og 7.7, til að útiloka mögulegt brot eða til að þróa gögn sem myndu styðja að hefja málarekstur vegna brots á lyfjareglum.

## GREIN 6 GREINING SÝNA

Lyfjaeftirlitssýni skal greina samkvæmt eftirfarandi meginreglum:

### 6.1 Notkun vottaðra og samþykktra rannsóknarstofa

Í samræmi við grein 2.1 skal aðeins rannsaka sýni í rannsóknarstofum sem WADA hefur vottað eða samkvæmt heimild WADA. Val á rannsóknarstofu sem WADA hefur samþykkt eða vottað fyrir greiningu á sýni skal ákveðið eingöngu af lyfjaeftirlitinu sem ber ábyrgð á meðferð niðurstaðna.

### 6.2 Tilgangur með greiningu sýna

Sýni skulu rannsökuð til að greina bönnuð efni og bannaðar aðferðir sem eru á bannlistanum og önnur efni eins og WADA mælir fyrir um samkvæmt grein 4.5 eða til að aðstoða lyfjaeftirlit við að skrá viðkomandi breytur í þvagi íþróttamanns, blóði eða öðru fylki, þar á meðal DNA eða erfðamynd, eða í öðrum lögmætum lyfjaeftirlitstilgangi. Sýni má taka og varðveita fyrir síðari greiningu.

### 6.3 Rannsóknir á sýnum

Ekkert sýni má nota til rannsókna án skriflegs samþykkis íþróttamannsins. Sýni sem eru notuð í öðrum tilgangi en lýst er í grein 6.2 skulu ekki vera auðkennd að neinu leyti þannig að þau megi rekja til tiltekins íþróttamanns.

#### 6.4 Reglur um greiningu sýna og tilkynningar

Rannsóknarstofur skulu greina sýnin og tilkynna niðurstöður í samræmi við alþjóðlegar reglur um greiningu sýna. Til að tryggja skilvirka prófun mun tæknilega skjalið sem vísað er til í grein 5.4 kveða á um áhættumatsgrundvallaða sýnagreiningu byggða á vallistum sem á við tilteknar íþróttir og greinar og rannsóknarstofur skulu greina sýnin samkvæmt þessum vallistum, nema sem hér segir:

6.4.1 Lyfjaeftirlit má krefjast þess að rannsóknarstofur greini sýni með ítarlegri vallistum en lýst er í tæknilega skjalinu.

6.4.2 Lyfjaeftirlit getur krafist þess að rannsóknarstofur greini sýni þess með færri vallistum en þeim sem lýst er í tæknilega skjalinu, svo fremi að WADA hafi verið fullvissað um að vegna sérstakra aðstæðna í landi þess eða íþrótt, eins og fram kemur í prófanadreifingaáætlun þess, þá sé viðeigandi að rannsókn verði ekki eins umfangsmikil.

6.4.3 Eins og kveðið er á um í alþjóðlegum reglum fyrir rannsóknarstofur, þá geta rannsóknarstofur að eigin frumkvæði og á eigin kostnað greint sýni vegna bannaðra efna eða aðferða sem eru ekki á greiningarvallista sýna sem lýst er í tæknilega skjalinu eða tekið fram af prófunaryfirvaldi. Niðurstöður slíkra greininga skulu skráðar og hafa sama gildi og afleiðingar og aðrar niðurstöður greininga.

#### 6.5 Frekari prófun á sýnum

Lyfjaeftirliti er heimilt að greina sýni frekar hvenær sem er áður en niðurstöður varðandi A og B sýni (eða A sýni þar sem greiningu á B sýni hefur verið hafnað eða fer ekki fram) hafa borist frá lyfjaeftirlitinu til íþróttamannsins, sem ákveðinn grundvöllur fyrir brot á lyfjareglum samkvæmt grein 2.1.

Sýni má varðveita og greina frekar samkvæmt grein 6.2 hvenær sem er að fyrirmælum lyfjaeftirlitsins sem átti frumkvæði að sýnatöku og sá um hana, eða WADA. (Varðveisla sýna eða frekari greining að frumkvæði WADA skal vera á kostnað WADA.) Frekari greining á sýninu skal vera í samræmi við kröfur alþjóðareglna fyrir rannsóknarstofur og alþjóðlegar reglur um prófun og rannsóknir.

## GREIN 7 MEÐFERÐ NIÐURSTAÐNA

Sérhvert lyfjaeftirlit sem sér um meðferð niðurstaðna skal koma á ferli fyrir umsjón forskýrslugerðar vegna hugsanlegra brota á reglum um lyfjamisnotkun sem fylgir eftirfarandi meginreglum:

**7.1 Ábyrgð á umsjón með niðurstöðum** Að því frátöldu sem kveðið er á um í greinum 7.1.1 og 7.1.2 hér fyrir neðan er meðferð niðurstaðna og skýrslugjöf á ábyrgð lyfjaeftirlitsins sem hóf og sá um sýnatöku og gilda um þetta verklagsreglur viðkomandi lyfjaeftirlits, (eða ef engin er sýnataka, þá er það lyfjaeftirlitið sem fyrst tilkynnir að íþróttamaður eða annar aðili hafi brotið lyfjareglur og fylgir þessu broti eftir). Án tillits til þess hvaða eftirlit sér um meðferð niðurstaðna eða skýrslugjöf, þá ber að virða meginreglurnar sem fram koma í þessari grein og grein 8 og reglurnar sem auðkenndar eru í grein 23.2.2 án umtalsverðra breytinga skulu virtar.

Ef ágreiningur verður milli lyfjaeftirlita um hvaða lyfjaeftirlit ber ábyrgð á meðferð niðurstaðna, ákveður WADA hvaða eftirlit hafi téða ábyrgð. Viðkomandi lyfjaeftirlit geta áfrýjað ákvörðun WADA til CAS innan sjö daga frá tilkynningu um úrskurð WADA. CAS ber að flýta umfjöllun um áfrýjunina og skal einn gerðardómari taka hana fyrir.

Þar sem lyfjaeftirlit ákveður að taka viðbótarsýni samkvæmt grein 5.2.6, telst viðkomandi lyfjaeftirlit hafa frumkvæði og umsjón með sýnatöku. En þar sem lyfjaeftirlitið felur eingöngu rannsóknarstofunni að framkvæma viðbótargreiningu á kostnað viðkomandi lyfjaeftirlits, þá telst Alþjóðasambandið eða mótshaldari vera lyfjaeftirlitið sem átti frumkvæði að og sá um sýnatökuna.

7.1.1 Þar sem reglur lyfjaeftirlits veita lyfjaeftirliti vald yfir íþróttamanni eða öðrum aðila sem er ekki ríkisborgari, íbúi, leyfishafi eða tilheyrir íþróttafélagi viðkomandi lands, eða lyfjaeftirlitið hafnar því að beita slíku valdi, skal meðferð niðurstaðna vera á ábyrgð viðeigandi alþjóðasambands eða þriðja aðila eins og reglur alþjóðasambandsins kveða á um. Meðferð niðurstaðna og umsjón með skýrslugjöf vegna prófunar á vegum WADA að frumkvæði þess, eða brot á lyfjareglum sem WADA uppgötvar, verður á vegum lyfjaeftirlits sem WADA tilnefnir. Meðferð niðurstaðna og umsjón með skýrslugjöf vegna prófs á vegum Alþjóða Ólympíunefndarinnar, Alþjóðaólympíunefndar fatlaðra eða annars mótshaldara, eða brot á lyfjareglum sem einhver þessara aðila uppgötvar, skal vísa til viðeigandi alþjóðasambands í tengslum við afleiðingar fram yfir útilokun frá mótí, ógildingu árangurs, sviptingu verðlauna, stiga eða viðurkenninga á mótinu, eða endurheimtar kostnaðar vegna viðkomandi brots á lyfjareglum.

7.1.2 Meðferð niðurstaðna í tengslum við mögulega upplýsingavanrækslu (vanefndir á skráningu eða misst af lyfjaprófi) skal vera á vegum alþjóðasambandsins eða lyfjaeftirlits þess lands þar sem viðkomandi íþróttamaður tilkynnir dvalarstað sinn, eins og kveðið er á um í alþjóðlegum reglum um prófanir og rannsóknir. Lyfjaeftirlitið sem úrskurðar um upplýsingavanrækslu eða missi af prófi skal koma þeim upplýsingum til WADA gegnum ADAMS eða annað kerfi samþykkt af WADA, þar sem þær verða aðgengilega öðrum viðkomandi lyfjaeftirlitum.

## **7.2 Endurskoðun varðandi óeðlilega niðurstöðu**

Við móttöku á óeðlilegum niðurstöðum skal lyfjaeftirlit sem er ábyrgt fyrir meðferð niðurstaðna standa fyrir endurskoðun til að úrskurða hvort: (a) gild TUE hafi verið veitt eða verði veitt eins og kveðið er á um í alþjóðlegum reglum um undanþágur vegna lækninga, eða (b) hvort vikið hafi verið frá alþjóðlegum reglum um lyfjapróf og rannsóknir eða rannsóknarstofugreiningu sem olli óeðlilegri niðurstöðu greiningar.

## **7.3 Tilkynning eftir mat varðandi óeðlilega niðurstöðu**

Ef mat á óeðlilegri niðurstöðu samkvæmt grein 7.2 sýnir ekki gildandi TUE eða rétt á TUE samkvæmt alþjóðareglum um undanþágur vegna lækninga, eða frávik sem orsakaði óeðlilegu niðurstöðuna, skal lyfjaeftirlit tilkynna íþróttamanninum tafarlaust samkvæmt því sem kveðið er á um í greinum 14.1.1 og 14.1.3 og sínum eigin reglum, um: (a) óeðlilegu niðurstöðuna; (b) regluna um lyfjamisnotkun sem var brotin og (c) rétt íþróttamannsins til að krefjast tafarlausrar greiningu á B-sýni eða, ef slík beiðni kemur ekki fram, að B-sýnið megi telja afsalað; (d) dagsetningu, tíma og stað fyrir greiningu á B

sýninu, (e) tækifæri ípróttamannsins og/eða fulltrúa hans til að vera við opnun B-sýnisins og greiningu þess á hinum tilgreinda tíma sem er kveðið á um í alþjóðareglum um rannsóknarstofur ef farið er fram á slíka greiningu, og (f) rétt ípróttamannsins til að krefjast afrita af gögnum rannsóknarstofunnar um A- og B-sýnin sem innihalda upplýsingar samkvæmt alþjóðlegum reglum um rannsóknarstofur. Ef lyfjaeftirlitið ákveður að leggja ekki fram hina óeðlilegu niðurstöðu sem brot á lyfjareglum, skal það tilkynna ípróttamanninum það sem og þeim lyfjaeftirlitum sem tiltekin eru í grein 14.1.2.

Í öllum tilvikum þar sem ípróttamanni hefur verið tilkynnt um brot á lyfjareglum sem leiðir ekki til lögboðins tímabundins brottreksturs samkvæmt grein 7.9.1, skal ípróttamanni boðið tækifæri að samþykkja tímabundinn brottrekstur meðan beðið er niðurstöðu í málinu.

#### **7.4 Mat á ódæmigerðum niðurstöðum**

Eins og kveðið er á um í alþjóðareglum um rannsóknarstofur, er rannsóknarstofum í sumum aðstæðum fyrirskipað að tilkynna tilvist bannaðra efna, sem einnig geta orðið til í líkamanum, sem ódæmigerðar niðurstöður með fyrirvara um frekari rannsókn. Við móttöku á ódæmigerðum niðurstöðum, skal viðkomandi lyfjaeftirlit sem sér um niðurstöðurnar, láta fara fram mat til að ákveða hvort: (a) gildandi TUE hafi verið veitt eða verði veitt eins og kveðið er á um í alþjóðlegum reglum um undanþágur í lækningaskyni, eða (b) hvort séu greinileg frávik frá alþjóðlegum reglum um prófanir og rannsóknir eða alþjóðlegum reglum um rannsóknarstofur sem ollu þessum ódæmigerðu niðurstöðum. Ef matið leiðir ekki í ljós gildandi TUE eða frávik sem olli ódæmigerðu niðurstöðunum, skal lyfjaeftirlitið gera umbeðna rannsókn. Að rannsókn lokinni skal ípróttamanninum og öðrum lyfjaeftirlitum sem tiltekin eru í grein 14.1.2. tilkynnt hvort hinar ódæmigerðu niðurstöður verði lagðar fram sem óeðlilegar niðurstöður. Ípróttamanninum skal tilkynnt um þetta samkvæmt ákvæðum greinar 7.3.

7.4.1 *Lyfjaeftirlitið* tilkynnir ekki ódæmigerðar niðurstöður fyrr en að rannsókn lokinni og ákveðið hefur verið hvort ódæmigerðu niðurstöðurnar verði lagðar fram sem óeðlilegar niðurstöður, nema einar af eftirtöldum aðstæðum séu fyrir hendi:

(a) Ef lyfjaeftirlitið úrskurðar að B sýnið skuli greint fyrir niðurstöður rannsóknar samkvæmt grein 7.4, má lyfjaeftirlitið láta greina B sýnið eftir að hafa tilkynnt ípróttamanninum það og skal sú tilkynning innihalda lýsingu á ódæmigerðu niðurstöðunum og upplýsingarnar sem lýst er í grein 7.3 (d) – (f).

(b) Ef lyfjaeftirlitið fær beiðni, annað hvort frá stórmótshaldara skömmu fyrir alþjóðlegt mót, eða beiðni frá ípróttasambandi sem þarf að velja keppendur á alþjóðmót innan ákveðins tíma, að upplýsa hvort einhver ípróttamaður á lista stórmótshaldara eða ípróttasambands hafi fengið ódæmigerða niðurstöðu, skal lyfjaeftirlitið tilgreina viðkomandi ípróttamann að undangenginni tilkynningu um ódæmigerðu niðurstöðuna til hans.

7.5 Skoðun á ódæmigerðum skilríkjaniðurstöðum og óeðlilegum skilríkjaniðurstöðum.

Skoðun á ódæmigerðum skilríkjaniðurstöðum og óeðlilegum skilríkjaniðurstöðum skal fara fram samkvæmt alþjóðlegum reglum um lyfjapróf og rannsóknir og alþjóðlegum reglum um rannsóknarstofur. Þegar lyfjaeftirlit telur víst að brot á lyfjareglum hafi átt sér stað, ber að tilkynna ípróttamanninum það tafarlaust eins og reglur kveða á um, um viðkomandi brot og forsendur brotsins. Öðrum lyfjaeftirlitum skal tilkynnt þetta eins og kveðið er á um í grein 14.1.2.

7.6 Vanræksla á upplýsingum um dvalarstað.

Skoðun á mögulegri upplýsingavanrækslu og missi af prófum skal fara fram eins og kveðið er á um í alþjóðlegum reglum um lyfjapróf og rannsóknir. Þegar alþjóðasambandið eða lyfjaeftirlitið (eftir því sem við á) telur víst að brot á grein 2.4 hafi átt sér stað, skal tafarlaust tilkynna það ípróttamanninum samkvæmt reglum þess, að það staðhæfi brot á grein 2.4 og með fylgi forsendur brotsins. Öðrum lyfjaeftirlitum skal tilkynnt þetta eins og kveðið er á um í grein 14.1.2.



## 7.7 Mat á öðrum brotum á lyfjareglum sem greinar 7.1 – 7.6 ná ekki til

Lyfjaeftirlitið eða aðrir endurskoðunaraðilar sem lyfjaeftirlit kemur á fót skulu framkvæma allar frekari rannsóknir á hugsanlegu broti á lyfjareglum eins og kann að vera krafist í gildandi stefnum um lyfjamisnotkun og reglum samkvæmt reglunum eða sem lyfjaeftirlit telur viðeigandi. Telji lyfjaeftirlitið að brot á lyfjareglum hafi átt sér stað, skal það tilkynna íþróttamanninum eða öðrum einstaklingi, samkvæmt reglum lyfjaeftirlitsins um brotnu regluna og grundvöll brotsins. Önnur lyfjaeftirlit skulu fá tilkynningu um þetta samkvæmt grein 14.1.2.

## 7.8 Auðkenning á fyrri brotum á lyfjareglum

Áður en íþróttamanni eða öðrum aðila er tilkynnt um staðhæft brot á lyfjareglum eins og kveðið er á um hér að ofan, ber lyfjaeftirlitinu að vísa til ADAMS eða annars kerfis sem WADA hefur samþykkt og hafa samband við WADA og önnur viðkomandi lyfjaeftirlit til að fá úr skorið hvort fyrri brot á lyfjareglum liggja fyrir.

## 7.9 Reglur sem gilda um tímabundinn brottrekstur

### 7.9.1 Lögboðinn tímabundinn brottrekstur eftir óeðlilega niðurstöðu

Neðangreindir undirritunaraðilar skulu taka upp reglur sem kveða á um að þegar óeðlileg niðurstaða berst fyrir bannað efni eða bannaða aðferð, önnur en tilgreint efni, skal úrskurða tímabundinn brottrekstur tafarlaust eftir skoðun og tilkynningu eins og lýst er í grein 7.2, 7.3 eða 7.5: þar sem undirritunaraðilinn er ábyrgðaraðili móts (fyrir umsókn um þetta mót); þar sem undirritunaraðilinn ber ábyrgð á liðsvali (umsókn um liðsval); eða þar sem undirritunaraðilinn er viðkomandi alþjóðasamband eða undirritunaraðilinn er annað lyfjaeftirlit sem hefur umsjónarvald með meintum brotum á lyfjareglum. Rífta má lögboðnum tímabundnum brottrekstri ef íþróttamaðurinn sýnir rannsóknarnefndinni fram á að brotið tengist líklega mengaðri vöru. Ákvörðun rannsóknarnefndar um að rífta ekki lögboðnum tímabundnum brottrekstri vegna staðhæfingar íþróttamanns varðandi mengaða vöru verður ekki áfrýjað.

Ekki má úrskurða tímabundinn brottrekstur nema íþróttamaðurinn fái annað hvort: (a) tækifæri á bráðabirgðaskýrslugjöf, annað hvort fyrir tímabundna brottreksturinn eða eftir að hann hefur verið úrskurdaður; eða (b) tækifæri á flýttri skýrslugjöf í samræmi við grein 8 á ákveðnum tíma eftir úrskurð um tímabundinn brottrekstur.

### 7.9.2. Möguleiki á tímabundnum brottrekstri á grundvelli óeðlilegrar niðurstöðu vegna tilgreindra efna, mengaðrar vöru eða vegna annarra brota á lyfjareglum

Undirritunaraðili má setja reglur sem gilda um öll mót á vegum undirritunaraðila eða fyrir liðsval sem undirritunaraðilinn ber ábyrgð á eða þar sem undirritunaraðilinn er gildandi alþjóðasamband eða hefur umsjónarvald með meintum brotum á lyfjareglum, sem heimila tímabundinn brottrekstur vegna brots á lyfjareglum sem grein 7.9.1 nær ekki til en fyrir greiningu á B sýni íþróttamannsins eða lokaskýrslugjöf eins og lýst er í grein 8.

Ekki má úrskurða tímabundinn brottrekstur nema íþróttamaðurinn fái annað hvort: (a) tækifæri á bráðabirgðaskýrslugjöf, annað hvort fyrir tímabundna brottreksturinn eða eftir að hann hefur verið úrskurdaður; eða (b) tækifæri á flýttri skýrslugjöf í samræmi við grein 8 á ákveðnum tíma eftir úrskurð um tímabundinn brottrekstur.

Ef tímabundinn brottrekstur er ákveðinn á grundvelli óeðlilegs A-sýnis og greining á B-sýni í kjölfar þess (ef íþróttamaðurinn eða lyfjaeftirlitið fer fram á hana) staðfestir ekki niðurstöður A-sýnis, skal íþróttamaðurinn ekki sæta frekari refsingu vegna brota á grein 2.1. Við aðstæður þar sem íþróttamaðurinn eða lið hans, eins og reglur viðkomandi mótshaldara eða alþjóðasambands kveða á

um, hefur verið dæmt úr keppni vegna brots á grein 2.1 og greining á B-sýni staðfestir ekki niðurstöður A-sýnis, má taka íþróttamanninn eða lið hans aftur inn í keppnina, verði því við komið án áhrifa á keppnina sjálfa.

#### **7.10 Tilkynning á úrskurði meðferðar á niðurstöðum**

Í öllum tilfellum þar sem lyfjaeftirlit hefur staðhæft brot á lyfjareglu, afturkallað þá staðhæfingu, dæmt tímabundinn brottrekstur eða samið við íþróttamann eða annan aðila um viðurlög án skýrslugjafar, ber lyfjaeftirliti að tilkynna það samkvæmt grein 14.2.1 til annarra lyfjaeftirlita sem hafa áfrýjunarrétt samkvæmt grein 13.2.3.

#### **7.11 Keppni hætt í íþrótt.**

Ef íþróttamaður eða annar einstaklingur hættir keppni meðan meðferð niðurstaðna stendur yfir, hefur viðkomandi lyfjaeftirlit enn lögsögu til að ljúka niðurstöðuferlinu. Ef íþróttamaður eða annar einstaklingur hættir keppni áður en meðferð niðurstaðna er hafin, þá hefur viðkomandi lyfjaeftirlit, sem hefði haft vald yfir íþróttamanninum eða öðrum einstaklingi á þeim tíma sem íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur braut lyfjareglu, vald til að láta vinna úr niðurstöðunum.

## **GREIN 8 RÉTTUR Á SANNGJARNRI SKÝRSLUGJÖF OG TILKYNNINGU UM ÚRSKURÐ**

### **8.1 Sanngjarnar skýrslugjafir**

Sérhvert lyfjaeftirlit með ábyrgð á meðferð niðurstaðna skal a.m.k. sjá um sanngjarnt skýrslugjafarferli innan sanngjarns tíma fyrir alla einstaklinga sem staðhæft er að hafi brotið gegn reglum um lyfjamisnotkun fyrir sanngjarnri og hlutlausri rannsóknarnefnd. Tímabær rökstudd ákvörðun sem inniheldur skýringu á ástæðu(m) fyrir keppnisbanni skal birt opinberlega eins og kveðið er á um í grein 14.3.

### **8.2 Skýrslugjafir fyrir mót**

Skýrslugjafir sem fara fram í tengslum við mót má halda með flýtihætti eins og reglur viðkomandi lyfjaeftirlits og rannsóknarnefndar kveða á um.

### **8.3 Fallið frá skýrslugjöf**

Hægt er að afsala sér rétti á skýrslugjöf, annað hvort beinlínis eða með því að að íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur lætur hjá líða að mótmæla fullyrðingu lyfjaeftirlits að brot á lyfjareglum hafi átt sér stað innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í reglum lyfjaeftirlitsins.

### **8.4. Tilkynning um úrskurði**

Lyfjaeftirlitið sem ber ábyrgð á meðferð niðurstaðna veitir íþróttamanninum og öðrum lyfjaeftirlitum með áfrýjunarrétt samkvæmt grein 13.2.3 rökstuddan úrskurð eftir skýrslugjöf, eða rökstuddan úrskurð með skýringum á aðgerðum sem til er gripið, eins og kveðið er á um í grein 14.2.1.

### **8.5 Einstök skýrslugjöf fyrir CAS**

Staðhæfð brot á lyfjareglum gegn íþróttamönnum á alþjóðastigi eða landsstigi, má með samþykki íþróttamannsins, lyfjaeftirlitsins með ábyrgð á meðferð niðurstaðna, WADA og annarra lyfjaeftirlita sem hefðu áfrýjunarrétt við fyrsta dómstig til CAS, taka beint fyrir hjá CAS án þess að fyrir liggja önnur skýrslugjöf.

## Grein 9 SJÁLFKRAFA ÓGILDING Á ÁRANGRI EINSTAKLINGS

Brot á lyfjareglum í einstaklingskeppni tengslum við prófun í keppni leiðir sjálfkrafa til ógildingar á árangri einstaklingsins í viðkomandi keppni með öllum tilheyrandi afleiðingum, þar á meðal missir verðlaunapeninga, stiga og verðlauna.

## Grein 10 REFSIADGERÐIR GAGNVART EINSTAKLINGUM

### 10.1 Ógilding árangurs í móti þar sem brot á lyfjareglum á sér stað

Brot á lyfjareglum í eða í tengslum við keppni getur, samkvæmt ákvörðun mótsstjórnar, leitt til ógildingar á öllum árangri íþróttamannsins í keppninni með öllum afleiðingum, þar á meðal missir verðlaunapeninga, stiga og verðlauna, nema eins og kveðið er á um í grein 10.1.1.

Atriði sem ber að taka mið af varðandi ákvörðun um ógildingu annarra úrslita á móti gætu t.d. verið alvarleiki brots íþróttamannsins og hvort hann hafi greinst neikvæður í öðrum keppnum.

10.1.1 Ef íþróttamaðurinn staðfestir að brotið sé ekki hans sök eða vegna vanrækslu hans, skal árangur hans í öðrum greinum ekki ógiltur nema líklegt teljist að brotið hafi haft áhrif á árangur hans í öðrum greinum en þeirri þar sem brotið átti sér stað.

10.2 Keppnisbann vegna tilvistar, notkunar eða tilraunar til notkunar eða vörslu á bönnuðu efni eða bannaðri aðferð.

Lengd keppnisbanns fyrir brot á grein 2.1, 2.2. eða 2.6 skal vera sem hér segir, með fyrirvara um mögulega styttingu eða brottvísun samkvæmt grein 10.4, 10.5 eða 10.6:

10.2.1 Keppnisbann skal vera fjögur ár þar sem:

10.2.1.1. Brotið felur ekki í sér tilgreint efni nema íþróttamaðurinn eða hinn aðilinn geti staðfest að brotið á lyfjareglunni var ekki að yfirlögðu ráði.

10.2.1.2. Brotið varðar tiltekið efni og lyfjaeftirlitið getur staðfest að brotið á lyfjareglunni var með yfirlögðu ráði.

10.2.2 Ef grein 10.2.1 á ekki við skal keppnisbannið vera tvö ár.

10.2.3 “Að yfirlögðu ráði” eins og hugtakið er notað í greinum 10.2 og 10.3, er því ætlað að auðkenna þá íþróttamenn sem hafa rangt við. Hugtakið krefst því þess að íþróttamaðurinn eða hinn aðilinn sem aðhöfðust það sem hann/hún vissi að teldist brot á lyfjareglum eða vissi að umtalsverð hættu væri á því að viðkomandi atferli gæti leitt til brots á lyfjareglu og hunsaði þá áhættu eindregið. Brot á lyfjareglu vegna óeðlilegrar niðurstöðu vegna efnis sem er aðeins bannað í keppni, skal ekki teljast “að yfirlögðu ráði” ef efnið er tilgreint efni og íþróttamaðurinn getur staðfest að bannaða efnið var notað utan keppni. Brot á lyfjareglu vegna óeðlilegrar niðurstöðu á efni sem er eingöngu bannað í keppni telst ekki “að yfirlögðu ráði” ef efnið er ekki tilgreint efni og íþróttamaðurinn getur staðfest að bannaða efnið var notað utan keppni í samhengi sem tengist ekki árangri í íþróttum.

### 10.3 Keppnisbann fyrir önnur brot á lyfjareglum

Lengd keppnisbanns fyrir önnur brot á lyfjareglum en þau sem kveðið er á um í grein 10.2 skal vera sem hér segir nema greinar 10.5 eða 10.6 eigi við:

10.3.1 Fyrir brot á grein 2.3 eða grein 2.5 skal keppnisbann vera fjögur ár, nema íþróttamaðurinn geti staðfest, hafi hann ekki veitt sýni, að brotið á lyfjareglunum var ekki að yfirlögðu ráði (skv. skilgreiningu í grein 10.2.3) en í því tilviki skal keppnisbann vera tvö ár.

10.3.2 Fyrir brot á grein 2.4, skal keppnisbann vera tvö ár, með fyrirvara um styttingu í eitt ár með hliðsjón af sekt íþróttamannsins. Sveigjanleikinn milli tveggja ára og eins árs keppnisbanns í þessari grein er ekki tiltækur íþróttamönnum sem oft hafa breytt um dvalarstað á síðustu stundu og með öðru framferði sínu vakið alvarlegan grun um að vilja forðast sýnagjöf.

10.3.3. Fyrir brot á grein 2.7 eða 2.8 skal keppnisbann vera að lágmarki fjögur (4) ár og allt að lífstíð og fer það eftir alvarleika brotsins. Brot á greinum 2.7 og 2.8 sem tengist ólögráða unglengi telst sérstaklega alvarlegt brot og ef það er framið af aðstoðarfólki íþróttamannsins og felur í sér önnur brot en tilgreind efni, skal dæma viðkomandi aðstoðarfólk íþróttamanns í lífstíðar keppnisbann. Þar að auki eru brot á grein 2.7 eða 2.8 einnig brot á almennum lögum og reglugerðum og skal tilkynna þau til viðkomandi stjórnvalda, fagaðila eða dómsvalda.

10.3.4 Fyrir brot á grein 2.4 skal keppnisbann vera tvö (2) ár og allt að 4 ár miðað við alvarleika brotsins.

10.3.5 Fyrir brot á grein 2.10 skal keppnisbann vera tvö ár með fyrirvara um styttingu í eitt ár að lágmarki miðað við sök íþróttamannsins eða hins aðilans og aðrar kringumstæður málsins.

10.4 Keppnisbann felldur þar sem er engin sök eða vanræksla  
Ef íþróttamaður eða annar einstaklingur staðfestir í einstöku máli að hann/hún sé laus við sekt eða vanrækslu þá skal fella niður keppnisbannið sem annars myndi gilda.

10.5 Stytting á keppnisbanni á grundvelli óverulegrar sektar eða vanrækslu

10.5.1 Vægari viðurlög vegna tiltekinna efna eða mengaðra vara vegna brota á grein 2.1, 2.2 eða 2.6.

10.5.1.1 Tiltekin efni

Þegar brotið á lyfjareglunum felur í sér tiltekið efni og íþróttamaðurinn eða hinn aðilinn geta staðfest óverulega sekt eða vanrækslu þá skal keppnisbann vera, að lágmarki, áminning og ekkert keppnisbann og að hámarki tvö ár, miðað við sektarstig íþróttamannsins eða hins aðilans.

10.5.1.2 Mengaðar vörur

Ef íþróttamaðurinn eða hinn aðilinn geta staðfest óverulega sekt eða vanrækslu og að hið greinda bannaða efni hafi komið úr mengaðri vöru, þá skal keppnisbannið vera, að lágmarki, áminning og ekkert bann og að hámarki tvö ár, miðað við sektarstig íþróttamannsins eða hins aðilans.

10.5.2 Beiting óverulegrar sektar eða vanrækslu fram yfir beitingu á grein 10.5.1

Ef íþróttamaðurinn eða hinn aðilinn staðfestir í einstöku máli þar sem grein 10.5.1 á ekki við, að hann/hún beri óverulega sekt eða vanrækslu, þá má stytta keppnisbannið sem annars hefði átt við, með fyrirvara um frekari styttingu eða niðurfellingu samkvæmt grein 10.6, á grundvelli sektarstigs íþróttamannsins eða hins aðilans, en stytt keppnisbann má ekki vera minna en helmingur þess tíma sem annars hefði átt við. Ef viðeigandi keppnisbann hefði verið til lífstíðar, má stytta keppnisbannið samkvæmt þessari grein ekki vera minna en átta ár.

10.6 Niðurfelling, stytting eða frestun á keppnisbanni eða öðrum viðurlögum vegna annarra ástæðna en sektar.

10.6.1 **Umtalsverð aðstoð við að finna eða sýna fram á brot á lyfjareglum**

**10.6.1.1 Lyfjaeftirlit** sem ber ábyrgð á meðferð niðurstaðna í broti á lyfjareglum má, fyrir lokaáfrýjunarúrskurð samkvæmt grein 13 eða áður en áfrýjunarfrestur rennur út, fresta hluta keppnisbanns í einstöku tilfelli þar sem íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur hefur veitt

lyfjaeftirliti umtalsverða aðstoð eða lögreglu eða agadómstól sem leiðir til þess að (i) lyfjaeftirlitið uppgötvar eða sýnir fram á brot á lyfjareglum af hálfu annars einstaklings eða sem leiðir til uppgötvunar lögreglu eða agadómstóls eða (ii) sýnt er fram á afbrot eða brot á faglegum reglum af hálfu annars aðila og upplýsingarnar frá þeim aðila sem veitti umtalsverða aðstoð eru veittar lyfjaeftirlitinu sem sér um meðferð niðurstaðna. Eftir lokaáfrýjunarúrskurð samkvæmt grein 13 eða áfrýjunarfrestur er útrunnin, má lyfjaeftirlit aðeins fresta hluta af gildandi keppnisbanni með samþykki WADA og viðkomandi alþjóðasambands. Frestun á annars gildandi keppnisbanni skal byggjast á alvarleika brotsins á lyfjareglunum af hálfu íþróttamannsins eða annars einstaklings og mikilvægi þeirrar umtalsverðu aðstoðar sem íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur veitti til að útrýma lyfjamisnotkun í íþróttum. Ekki má fresta meira en ¼ af annars gildandi lengd keppnisbanns. Ef gildandi keppnisbann er til lífstíðar, má keppnisbannið ekki vera styttra en átta ár.

Ef íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur hafnar samvinnu og veitir ekki heildstæða og trúverðuga aðstoð sem niðurfelling keppnisbannsins byggðist á, þá skal viðkomandi lyfjaeftirlit endurskipa upphaflega keppnisbannið. Ef lyfjaeftirlit ákveður að endurskipa keppnisbann eða ákveður að endurskipa keppnisbannið ekki, er áfrýjun almennt heimil samkvæmt grein 13.

10.6.1.2 Til að hvetja enn frekar íþróttamenn og aðra aðila til að veita lyfjaeftirlitum umtalsverða aðstoð að beiðni lyfjaeftirlits sem sér um meðferð niðurstaðna eða að beiðni íþróttamannsins eða annars aðila sem hefur, eða er talið hafi brotið lyfjareglur, er WADA heimilt að samþykkja á einhverju stigi meðferðarferlisins, þar á meðal eftir lokaáfrýjunarúrskurð samkvæmt grein 13, það sem WADA telur viðeigandi niðurfelling á annars gildandi keppnisbanni og öðrum viðurlögum. Við sérstakar aðstæður getur WADA samþykkt að fella niður keppnisbannið og önnur viðurlög gegn umtalsverðri aðstoð sem er meiri en annars er kveðið á um í þessari grein eða jafnvel ekkert keppnisbann og/eða engin skil á verðlaunafé eða greiðslu sektar eða kostnaða. Samþykki WADA skal vera með fyrirvara um endurskipun viðurlaga eins og annars er áskilið í þessari grein. Þrátt fyrir grein 13 getur lyfjaeftirlit ekki áfrýjað úrskurðum WADA samkvæmt þessari grein.

10.6.1.3 Ef lyfjaeftirlit fellir niður viðurlög sem annars hefðu átt við vegna umtalsverðrar aðstoðar skal senda öðrum lyfjaeftirlitum rökstuðning fyrir þeirri ákvörðun ásamt áfrýjunarrétti samkvæmt grein 13.2.3 eins og kveðið er á um í grein 14.2. Við einstakar aðstæður þar sem WADA ákveður að það þjóni hagsmunum lyfjaeftirlits, getur WADA heimilað lyfjaeftirliti að gera trúnaðarsamninga sem takmarka eða fresta upplýsingum um samning um umtalsverða aðstoð eða í hverju veitt aðstoð felst.

## **10.6.2 Viðurkenning á broti á lyfjareglum þegar aðrar sannanir skortir**

Þar sem íþróttamaður eða annar einstaklingur viðurkennir af sjálfsdáðum að hafa brotið lyfjareglu áður en hann er boðaður í sýnagjöf, sem gæti staðfest brot á lyfjareglum (eða, ef um annað brot á lyfjareglum er að ræða en grein 2.1, fyrir móttöku á fyrstu tilkynningu um viðurkennt brot samkvæmt grein 7) og þessi játning er eina trausta sönnunin um brotið á þeim tíma sem játningin var gefin, þá má stytta keppnisbann en ekki meira en sem nemur helmingi gildandi lengdar þess.

10.6.3 Tafarlaus viðurkenning á broti á lyfjareglum eftir ásökun um brot sem er refsivert samkvæmt grein 10.2.1 eða grein 10.3.1.

Íþróttamaður eða annar aðili sem gæti þurft að sæta fjögurra ára refsingu samkvæmt grein 10.2.1 eða 10.31 (fyrir að koma sér hjá eða neita sýnagiöf eða spilla sýnatöku) sem viðurkennir tafarlaust staðhæft brot á lyfjareglum eftir ásökun lyfjaeftirlits og einnig með samþykki og samkvæmt ákvörðun bæði WADA og lyfjaeftirlitsins sem sér um meðferð niðurstaðna, getur fengið styttingu á keppnisbanni niður í tvö ár að lágmarki og fer það eftir alvarleika brotsins og sektarstigi íþróttamannsins eða hins aðilans.

10.6.4 Margar ástæður stuðla að refsilækkun.

**Ef íþróttamaður eða annar einstaklingur sýnir fram á rétt til styttingar á refsingu samkvæmt fleiri en einu ákvæði greinar 10.4, 10.5 eða 10.6, áður en** stytting eða frestun er veitt samkvæmt grein 10.6, skal annars gildandi lengd keppnisbanns ákveðin í samræmi við greinar 10.2, 10.3, 10.4 og 10.5. Ef íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur sýnir fram á rétt á styttingu eða frestun á lengd keppnisbanns samkvæmt grein 10.6, þá má stytta keppnisbannið eða fresta því en ekki meira en sem nemur einum fjórða af annars gildandi lengd keppnisbanns.

Mörg dæmi um beitingu greinar 10 er að finna í viðauka 2.

## 10.7 Fjölbrot

### 10.7.1

Fyrir annað brot íþróttamanns á lyfjareglum skal lengd keppnisbanns vera hið lengra af:

- (a) Sex mánuðir;
- (b) Helmingur keppnisbannstíma fyrir fyrsta brot án tillits til styttinga samkvæmt grein 10.6; eða
- (c) tvöfalt það keppnisbann sem annars gildir um annað brotið og fjallað er um eins og það væri fyrsta brot án tillits til styttingar samkvæmt grein 10.6.

Tímabil keppnisbanns hér að ofan má síðan stytta frekar með beitingu greinar 10.6.

Þriðja brot á lyfjareglum varðar alltaf lífstíðarkeppnisbanni, nema ef þriðja brotið uppfyllir skilyrði fyrir undanþágu eða styttingu á keppnisbanni samkvæmt grein 10.4 eða 10.5 eða felur í sér brot á grein 2.4. Í þessum tilfellum skal keppnisbann vera frá átta árum til lífstíðar.

10.7.3 Brot á lyfjareglum þar sem íþróttamaðurinn eða hinn aðilinn hefur sýnt fram á sektarleysi eða vanrækslu skal ekki teljast fyrra brot vegna þessarar greinar.

### 10.7.4 Viðbótarreglur vegna ákveðinna hugsanlegra fjölbrot

10.7.4.1 Vegna beitingu refsinga samkvæmt grein 10.7 telst brot á lyfjareglum einungis annað brot ef lyfjaeftirlitið getur sýnt fram á að íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur framdi seinna brotið eftir að íþróttamaðurinn eða einstaklingurinn framdi þetta brot eftir að hafa fengið tilkynningu, í samræmi við grein 7, eða eftir að lyfjaeftirlit gerði sanngjarna tilraun til að tilkynna um fyrsta brotið. Ef lyfjaeftirlit getur ekki staðfest þetta, skulu brotin bæði teljast sem eitt fyrsta brot og refsingin skal byggjast á alvarlegra brotinu.

10.7.4.2 Ef lyfjaeftirlitið uppgötvar eftir niðurstöðu í fyrsta brotinu, staðreyndir sem fela í sér brot á lyfjareglum af hálfu íþróttamannsins eða annars einstaklings sem átti sér stað fyrir tilkynningu um fyrsta brotið, þá má lyfjaeftirlitið leggja á viðbótarrefsingu byggða á þeirri refsingu sem hefði verið lögð á ef brotin hefðu bæði verið dæmd á sama tíma. Úrslit í öllum keppnum aftur til fyrra brotsins á lyfjareglum verða dæmd ógild eins og kveðið er á um í grein 10.8

### 10.7.5 Mörg brot á lyfjareglum á tíu ára tímabili

Vegna greinar 10.7 verður hvert brot á lyfjareglum að eiga sér stað á sama tíu ára tímabilinu til að teljast fjölbrot.

## **10.8 Ógilding árangurs í keppnum eftir sýnisveitingu eða brot á lyfjareglum**

Til viðbótar við sjálfkrafa ógildinguna í keppnum sem gáfu jákvætt sýni samkvæmt grein 9 skal allur annar árangur íþróttamannsins frá þeim degi sem jákvætt sýni var veitt (hvort sem það var í keppni eða utan keppni), eða annað brot á reglum um lyfjamisnotkun átti sér stað eftir byrjun tímabundins brottreksturs eða keppnisbanns teljast ógildur, nema sanngirni krefjist annars, með öllum tilheyrandi afleiðingum svo sem sviptingu verðlaunapeninga, stiga og verðlauna

## **10.9**

Forgangsröðin við endurgreiðslu kostnaðar CAS og svipt verðlaunafé skal vera: Fyrst, greiðsla kostnaðar að ákvörðun CAS; í öðru lagi, endurúthlutun svipts verðlaunafjár til annarra íþróttamanna ef kveðið er á um það í reglum viðkomandi alþjóðasambands; og í þriðja lagi, endurgreiðsla kostnaðar lyfjaeftirlitsins sem sá um meðferð niðurstaðna í málinu.

## **10.10 Fjárhagslegar afleiðingar**

Lyfjaeftirlitum er heimilt í reglum sínum að kveða á um hóflega endurheimt kostnaðar eða fjárhagslegra viðurlaga vegna brota á lyfjareglum. Þó er lyfjaeftirlitum eingöngu heimilt að dæma fjárhagsleg viðurlög í málum þar sem þegar hefur verið dæmt hámarks keppnisbann. Fjárhagsleg viðurlög má aðeins dæma þar sem stuðst er við meðalhófsregluna. Engin endurheimt kostnaðar eða fjárhagslegra viðurlaga telst grundvöllur fyrir styttingu á keppnisbanni eða mildun annarra viðurlaga sem annars ættu við samkvæmt reglunum.

## **10.11 Byrjun á keppnisbanni**

Að frátöldum ákvæðum hér fyrir neðan, skal keppnisbann miðast við daginn sem úrskurður liggur fyrir eða ef skýrslutöku er hafnað eða engin skýrslutaka fer fram á þeim degi sem keppnisbannið er samþykkt eða lagt á.

### **10.11.1 Tafir sem eru ekki íþróttamanninum eða öðrum einstaklingi að kenna.**

Hafi orðið umtalsverðar tafir á skýrslugjafarferlinu eða öðrum þáttum lyfjaeftirlitsins sem eru ekki sök íþróttamannsins eða annars einstaklings, má sá aðili sem leggur á refsinguna láta keppnisbannið hefjast fyrr, jafnvel miða við dag sýnisveitingar eða daginn sem annað brot á lyfjareglum átti sér stað. Allur árangur í keppni á keppnisbannstíma, þar á meðal, afturvirkir keppnisbann, telst ógildur.

### **10.11.2 Tafarlaus játning**

Þar sem íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur tafarlaust (sem í öllum tilvikum hjá íþróttamanni þýðir áður en íþróttamaðurinn keppir aftur) viðurkennir brot á lyfjareglunum eftir fullyrðingu lyfjaeftirlitsins um slíkt, má keppnisbann miðast við dag sýnisveitingar eða þann dag sem annað brot á lyfjareglum á sér stað. Í hverju tilfalli þar sem þessari grein er beitt, skal íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur taka út minnst helming keppnisbannsins frá þeim degi sem íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur féllst á álagða refsingu, deginum sem úrskurður dómstóls um refsingu lá fyrir eða deginum sem refsingin var að öðru leyti lögð á. *Þessi grein á ekki við þar sem keppnisbann hefur þegar verið stytt samkvæmt grein 10.6.3.*

### **10.11.3 Frádráttur fyrir afplánaðan bráðabirgðabrottrekstur eða keppnisbann**

10.11.3.1 Ef bráðabirgðabrottrekstur er dæmdur og íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur una honum, skal sá tími koma til frádráttar íþróttamanninum eða hinum einstaklingnum af því keppnisbanni sem kann að verða dæmt. Ef bráðabirgðabrottrekstur er afplánaður samkvæmt ákvörðun sem síðan er áfrýjað, skal íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur fá frádrátt fyrir afplánaðan tíma frá keppnisbanni sem kann að verða dæmt eftir áfrýjun.

10.11.3.2 Ef íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur sættir sig við skriflegan bráðabirgðabrottrekstur frá lyfjaeftirliti sem hefur umsjón með niðurstöðum prófa og og virðir brottreksturinn skal þetta tímabil metið til frádráttar frá því keppnisbanni sem kann síðar að verða dæmt. Eintak af sjálfviljugri viðurkenningu íþróttamannsins eða annars einstaklings á bráðabirgðabrottrekstrinum skal tafarlaust veitt hverjum þeim aðila sem hefur rétt á að fá tilkynningu um staðhæft brot á lyfjareglum samkvæmt grein 14.1.

10.11.3.3 Ekki skal draga frá keppnisbanni tíma áður en bráðabirgðabrottrekstur tekur gildi eða bráðabirgðabrottrekstur af sjálfsdáðum, án tillits til þess hvort íþróttamaðurinn kaus að keppa ekki eða var vísað úr liði sínu.

10.11.3.4. Í liðaíþróttum, þar sem lið er dæmt í keppnisbann, sé það ekki ósanngjarnt, skal keppnisbann hefjast daginn sem úrskurður er kveðinn upp eða, ef skýrslugjöf er hafnað, á deginum sem keppnisbann er samþykkt eða upp kveðið með öðrum hætti. Allur tími bráðabirgðabrottreksturs liðs (dæmdur eða samþykktur af fúsum vilja) skal dreginn frá heildarkeppnisbanni.

## **10.12 Staða í keppnisbanni**

### **10.12.1 Bann við þátttöku á keppnisbannstíma**

Enginn sem hefur verið dæmdur í keppnisbann má á þeim tíma taka þátt að neinu leyti í keppni eða starfsemi (annarri en heimilaðri fræðslu um lyfjamisnotkun eða meðferðarstarfi) heimilaðri eða á vegum undirritunaraðila eða aðildarfélagi undirritunaraðila, félagi eða aðildarsambandi undirritunaraðila, eða í keppnum á vegum atvinnudeildar eða einhvers alþjóðasambands eða landssambands eða nokkrum íþróttaviðburði sem stjórnvaldsstofnun styrkir fjárhagslega.

Íþróttamaður eða annar einstaklingur sem sætir keppnisbanni lengur en í fjögur ár má eftir þann tíma taka þátt sem íþróttamaður í staðbundnum íþróttamótum sem eru ekki viðurkennd eða á annan hátt háð valdi undirritunaraðila lyfjareglanna eða tilheyra slíkum undirritunaraðila, en þá og því aðeins að hið staðbundna mót sé ekki á því stigi að viðkomandi geti áunnið sér keppnisrétt, beint eða óbeint (eða unnið til stiga þar að lútandi) í landsmeistaramóti eða alþjóðlegri keppni og felur ekki í sér að íþróttamaðurinn eða hinn aðilinn starfi á einhvern hátt með ólöggráða ungmennum.

Íþróttamaður eða annar einstaklingur sem er í keppnisbanni skal sæta lyfjaprófum.

### **10.12.2 Þjálfun hafin að nýju**

Undantekning frá grein 10.12.1 er sú að íþróttamanni er heimilt að hefja þjálfun að nýju með liði eða nota aðstöðu félags eða annars aðila í aðildarsambandi undirritunaraðila á þeim tíma sem er styttri af þessum: (1) Síðustu tveir mánuðir keppnisbanns, eða (2) síðasti fjórðungur keppnisbannstíma.

### **10.12.3 . Brot á þáttökubanni á keppnisbannstíma**

Þar sem íþróttamaður eða annar einstaklingur sem dæmdur hefur verið í keppnisbann, brýtur þáttökubann á keppnisbannstímanum sem lýst er í grein 10.12.1, skal árangur af slíkri þátttöku ógildur og nýtt tímabil keppnisbannsins, jafnlangt og upphaflega keppnisbannið bætast við upphaflega keppnisbannið. Nýtt tímabil keppnisbanns má stytta miðað við sektarstig íþróttamannsins eða hins aðilans. Lyfjaeftirlitið, sem sá um niðurstöður lyfjaprófsins sem leiddu til upphaflega keppnisbannsins, úrskurðar hvort íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur hefur brotið þáttökubannið og hvort stytting eigi við. Þessum úrskurði má áfrýja samkvæmt grein 13.

Ef aðstoðarfólk íþróttamanns eða annar einstaklingur veitir aðila umtalsverða aðstoð við brot á þáttökubanninu á keppnisbannstímanum, má lyfjaeftirlitið sem hefur lögsögu yfir viðkomandi aðstoðarfólki íþróttamannsins eða annars einstaklings, dæma viðkomandi í refsingu fyrir brot á grein 2.9, fyrir slíka aðstoð)



#### 10.12.4 Stöðvun fjárhagslegs stuðnings á keppnisbannstíma

Undirritunaraðilar, aðildarfélag undirritunaraðila og yfirvöld mega halda eftir hluta af eða öllum íþróttatengdum fjárhagslegum stuðningi eða öðrum íþróttatengdum stuðningi til einstaklings sem hefur brotið lyfjareglur og ekki fengið styttingu fyrir tilgreind efni eins og lýst er í grein 10.4 eða 10.5

#### 10.13 Sjálfkrafa birting refsingar

Lögboðinn hluti af hverri refsingu skal vera sjálfkrafa birting eins og kveðið er á um í grein 14.3.

## GREIN 11 Afleiðingar fyrir lið

### 11.1 Lyfjapróf í liðaíþróttum

Ef fleiri en einn meðlimur liðs í liðaíþrótt hefur fengið tilkynningu um brot á lyfjareglum samkvæmt grein 7 í tengslum við mót, skal mótsstjórn láta fara fram afmörkuð próf á liðinu meðan á mótinu stendur.

### 11.2 Afleiðingar fyrir lið

Ef fleiri en tveir meðlimir liðs í liðaíþrótt brjóta lyfjareglur á liðamóti, skal mótsstjórn refsa liðinu með viðeigandi hætti (t.d. missir stiga, útilokun frá keppni eða móti, eða aðrar refsingar) ásamt öðrum afleiðingum fyrir einstaka íþróttamenn sem brjóta lyfjareglurnar.

### 11.3 Ábyrgðaraðili móts má úrskurða harðari afleiðingar fyrir lið

Ábyrgðaraðili móts má ákveða að setja reglur fyrir mótið sem kveða á um afleiðingar fyrir lið sem eru harðari en lýst er í grein 11.2.

## GREIN 12 REFSINGAR ÍPRÓTTAADILA

Ekkert í þessum lyfjareglum kemur í veg fyrir að undirritunaraðili eða yfirvöld sem samþykkja lyfjareglurnar framfylgi sínum eigin reglum við að refsa öðrum íþróttadílum eða meðlimum undirritunaraðila sem heyra undir lögsögu undirritunaraðila eða stjórnvalda.

## GREIN 13 ÁFRÝJANIR

### 13.1 Ákvarðanir sem má áfrýja

Ákvörðunum samkvæmt lyfjareglunum eða reglum í samræmi við þær má áfrýja eins og lýst er í greinum 13.2 til 13.4 eða eins og annars er kveðið á um í lyfjareglunum eða alþjóðlegum reglum. Slíkar ákvarðanir eru áfram í gildi meðan á áfrýjun stendur nema áfrýjunaraðili ákveði annað. Áður en áfrýjað er verður að hafa reynt á endurskoðunarákvæði reglna lyfjaeftirlits svo fremi að slík endurskoðun virði meginreglur greinar 13.2.2 hér á eftir (að frátöldum ákvæðum greinar 13.1.3).

#### 13.1.1 Ótakmarkað umfang endurskoðunar

Umfang endurskoðunar á áfrýjun nær til allra atriða málsins og er sérstaklega ekki takmarkað við atriðin og umfangið við upphaflegu ákvörðunina.

#### 13.1.2 CAS skal ekki lúta áfrýjun niðurstaðna.

Við ákvörðun þarf CAS ekki að virða ákvörðun aðilans hvers ákvörðun er áfrýjað.

### **13.1.3 WADA ber ekki að fullreyna innri úrræði**

Ef WADA hefur rétt til að áfrýja samkvæmt grein 13 og enginn annar aðili hefur áfrýjað lokaúrskurði í ferli lyfjaeftirlits, má WADA áfrýja slíkum úrskurði beint til CAS án þess að fullreyna önnur úrræði í ferli lyfjaeftirlitsins.

## **13.2 Áfrýjanir úrskurða varðandi brot á lyfjareglum, afleiðingar og tímabundinn brottrekstur, viðurkenning úrskurða og lögsögu**

Ákvörðun um brot á lyfjareglum, ákvörðun sem leiðir til afleiðinga eða ekki vegna brots á lyfjareglum, eða ákvörðun um að lyfjareglur hafi ekki verið brotnar, ákvörðun um að meðferð brots á lyfjareglum geti ekki haldið áfram af verklagsregluástæðum (t.d. lyfseðill), ákvörðun WADA að veita ekki undanþágu frá kröfu um sex mánaða fyrirvara fyrir íþróttamann sem er hættur keppni, til að snúa aftur til keppni samkvæmt grein 5.7.1; ákvörðun WADA um framsal á meðferð niðurstaðna samkvæmt grein 7.1; ákvörðun lyfjaeftirlits að leggja ekki fram óeðlilegar niðurstöður, eða óvenjulegar niðurstöður sem brot á lyfjareglum, eða ákvörðun að halda ekki áfram með brot á lyfjareglum eftir rannsókn samkvæmt grein 7.7; ákvörðun að dæma bráðabirgðabrottrekstur eftir bráðabirgðaskýrslutöku; vanefndir lyfjaeftirlits að hlíta grein 7.9; ákvörðun þess efnis að lyfjaeftirlit skorti lögsögu til að úrskurða um meint brot á lyfjareglum eða afleiðingar þess; ákvörðun um að fresta eða fresta ekki keppnisbanni eða endurskipta, eða ekki að endurskipa, frestað keppnisbann samkvæmt grein 10.6.1; ákvörðun samkvæmt grein 10.12.3; og ákvörðun lyfjaeftirlits að viðurkenna ekki ákvörðun annars lyfjaeftirlits samkvæmt grein 15 má áfrýja einhliða eins og lýst er í grein 13.2.

### **13.2.1 Áfrýjanir sem varða íþróttamenn á alþjóðlegu stigi eða alþjóðamót**

Í málum vegna þátttöku á alþjóðlegu mót eða í málum sem varða íþróttamenn á alþjóðlegu stigi, má áfrýja ákvörðuninni einhliða til gerðardóms íþróttta ("CAS").

### **13.2.2 Áfrýjanir sem varða aðra íþróttamenn eða aðra aðila**

Í málum sem eiga ekki við grein 13.2.1, má áfrýja ákvörðuninni til óháðs og hlutlauss aðila í samræmi við reglur lyfjaeftirlits. Reglur um slíka áfrýjun skulu virða eftirfarandi meginreglur:

- tímanleg skýrslugjöf;
- sanngjarn og hlutlaus dómsaðili;
- réttur á lögmanni á kostnað einstaklingsins; og
- tímanleg, skrifleg niðurstaða.

### **13.2.3 Aðilar með áfrýjunarrétt**

Í málum sem heyra undir grein 13.2.1, hafa eftirtaldir aðilar rétt á að áfrýja til CAS: (a) Íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur sem er efni hins áfrýjaða úrskurðar; (b) hinn aðilinn í málinu sem ákvörðunin nær til; (c) viðkomandi alþjóðasamband; (d) Landslyfjaeftirlitið þar sem einstaklingurinn býr eða landanna þar sem einstaklingur er þegn eða leyfishafi, (e) Alþjóða Ólympíunefndin eða Alþjóða-Ólympíuhreyfing fatlaðra, eftir því hvað á við, þar sem úrskurðurinn kann að hafa áhrif á Ólympíuleikana eða Ólympíumót fatlaðra, þar á meðal úrskurðir sem hafa áhrif á keppnisrétt á Ólympíuleikum eða Ólympíumóti fatlaðra, og (f) WADA.

Í málum sem heyra undir grein 13.2.2 skulu aðilar með áfrýjunarrétt til landsaðila vera eins og kveðið er á um í reglum lyfjæftirlits hvers lands en að lágmarki vera eftirtaldir: (a) Íþróttamaðurinn eða annar aðili sem sætir ákvörðuninni sem er áfrýjað; (b) hinn aðilinn í málinu sem ákvörðunin nær til; (c) viðkomandi alþjóða samband; landslyfjæftirlit viðkomandi einstaklings; (e) Alþjóðaólympíunefndin eða Alþjóðaólympíunefnd fatlaðra, eftir því sem á við, þar sem ákvörðun kann að hafa áhrif varðandi Ólympíumót fatlaðra, þar á meðal ákvarðanir sem hafa áhrif á keppnishæfi á Ólympíuleikum eða Ólympíumóti fatlaðra og (f) WADA. Hvað varðar mál samkvæmt grein 13.2.2 hafa WADA, Alþjóðaólympíunefndin, Alþjóðaólympíunefnd fatlaðra og viðkomandi alþjóðasamband einnig rétt til að áfrýja til CAS úrskurði viðkomandi áfrýjunaraðila hvers lands. Sérhver aðili sem áfrýjar, á rétt á aðstoð frá CAS til að útvega allar tengdar upplýsingar frá viðkomandi lyfjæftirliti og skulu upplýsingarnar veittar ef CAS mælir svo fyrir um.

Frestur til áfrýjunar af hálfu WADA skal vera sá seinni af þessum tveimur:

- (a) Tuttugu og einn dagur eftir síðasta mögulega áfrýjunardag einhvers annars málsaðila, eða
- (b) Tuttugu og einn dagur eftir móttöku WADA á öllum gögnum varðandi úrskurðinn.

Þrátt fyrir önnur ákvæði þessara reglna, er íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur sá eini sem má áfrýja bráðabirgðabrottrekstri, sem hann eða hún sætir.

#### 13.2.4 Gagnáfrýjanir og aðrar heimilaðar síðari áfrýjanir

Gagnáfrýjanir og aðrar síðari áfrýjanir aðila í málum sem vísað er til CAS, eru sérstaklega heimilaðar. Sérhver aðili með áfrýjunarrétt samkvæmt þessari grein 13, verður að leggja fram gagnáfrýjun eða síðari áfrýjun í síðasta lagi með svari aðilans.

### 13.3 Ef lyfjæftirlit úrskurðar ekki í tæka tíð

Ef lyfjæftirlit kemst ekki að niðurstöðu um meint brot á lyfjareglum innan skynsamlegra tímamarka sem WADA setur, getur WADA áfrýjað beint til CAS eins og lyfjæftirlitið hefði úrskurðað að lyfjareglur hefðu ekki verið brotnar. Ef íþróttadómstóllinn (CAS) úrskurðar að um brot á lyfjareglum hafi verið að ræða og að WADA hafi gert rétt í því að áfrýja beint til CAS, þá skal viðkomandi lyfjæftirlit endurgreiða WADA útgjöld og lögfræðikostnað við áfrýjunina.

### 13.4 Áfrýjanir varðandi TUE

TUE-ákvörðunum má áfrýja beint eins og kveðið er á um í grein 4.4.

### 13.5 Tilkynning um áfrýjunarákvarðanir

Lyfjæftirlit sem er aðili að áfrýjun skal tafarlaust framvísa ákvörðun um áfrýjun til íþróttamannsins eða hins aðilans og til hins lyfjæftirlitsins sem hefði haft áfrýjunarrétt samkvæmt grein 13.2.3 eins og kveðið er á um í 14.2

### 13.6 Áfrýjanir úrskurða sem heyra undir þriðja og fjórða hluta lyfjareglanna

Hvað varðar skýrslu WADA um hunsun samkvæmt grein 23.5.4 eða dæmd viðurlög samkvæmt þriðja hluta (Hlutverk og ábyrgðarsvið) lyfjareglanna, hefur sá aðili sem skýrsla WADA fjallar um eða sem leggur á viðkomandi viðurlög samkvæmt þriðja hluta lyfjareglanna, rétt til að áfrýja beint til CAS í samræmi við gildandi ákvæði fyrir slíkan dómstól.

### 13.7 Áfrýjanir ákvarðana um bann eða ógildingu á viðurkenningu rannsóknarstofu

Ákvörðunum WADA um bann eða ógildingu á viðurkenningu WADA á rannsóknarstofu má áfrýja af viðkomandi rannsóknarstofu beint til CAS.

## **GREIN 14 Trúnaður og tilkynningar**

Meginreglur um samræmingu niðurstaðna lyfjaprófa, opinbert gagnsæi og ábyrgð og virðingu fyrir einkalífi íþróttamanna eða annarra aðila eru eins og hér segir:

### **14.1 Upplýsingar varðandi óeðlilegar niðurstöður og önnur staðhæfð brot á lyfjareglum**

#### **14.1.1 Tilkynningar um brot á lyfjareglum til íþróttamanna og annarra einstaklinga**

Form og snið tilkynningar um staðhæft brot á lyfjareglum, skal vera eins og kveðið er á um reglum lyfjæftirlitsins sem ber ábyrgð á meðferð niðurstaðna.

#### **14.1.2 Tilkynning um brot á lyfjareglum til lyfjæftirlita, alþjóðasambanda og WADA**

Lyfjæftirlit með ábyrgð á meðferð niðurstaðna skal einnig tilkynna landslyfjæftirliti íþróttamannsins, alþjóðasambandinu og WADA um staðhæft brot á lyfjareglum ásamt tilkynningu til íþróttamannsins eða hins aðilans.

#### **14.1.3 Efni tilkynningar um brot á lyfjareglum**

Tilkynning skal innihalda: Nafn íþróttamannsins, þjóðerni, íþrótt og grein innan hennar, keppnisstig íþróttamannsins, hvort sýnið var tekið í keppni eða utan keppni, dagsetningu sýnisveitingar og niðurstöður rannsóknarstofunnar ásamt öðrum upplýsingum eins og krafist er í alþjóðlegum reglum um lyfjapróf og rannsóknir, eða, varðandi önnur brot á lyfjareglum en varða grein 2.1, þá reglu sem brotin er og grundvöllur meints brots.

#### **14.1.4 Stöðuskýrslur**

Að frátöldum rannsóknnum sem hafa ekki leitt til tilkynningar um brot á lyfjareglum samkvæmt grein 14.1.1 skulu lyfjæftirlit sem vísað er til í grein 14.1.2 reglulega fá upplýsingar um stöðu og niðurstöður endurskoðunar eða ferlis samkvæmt greinum 7,8 eða 13 og skulu fá skriflegar rökstuddar skýringar eða úrskurð með niðurstöðu málsins.

#### **14.1.5 Trúnaður**

Viðtakandi aðilar skulu ekki veita þessar upplýsingar öðrum en þeim sem þurfa að vita þær (sem eru starfsfólk viðkomandi Ólympíunefndar landsins, landssambandið og lið í liðaiþrótt) þar til lyfjæftirlitið sem ber ábyrgð á meðferð niðurstaðna hefur upplýst þær opinberlega eða hefur ekki upplýst þær opinberlega eins og kveðið er á um í grein 14.3.

### **14.2 Tilkynningar um úrskurði vegna brots á lyfjareglum og beiðni um gögn**

**14.2.1** Úrskurðir vegna brota á lyfjareglum samkvæmt grein 7,10,8.4, 10.4, 10.5, 10.6, 10.12, 12.3 eða 13.5 skulu innihalda ítarleg rök fyrir úrskurðinum, þar á meðal, ef það á við, rökstuðning hafi hámarksrefsing ekki verið lögð á. Ef úrskurður er ekki á ensku eða frönsku ber lyfjæftirlitinu að framvísa stuttri samantekt á ensku eða frönsku um úrskurðinn og rökstuðning.

**14.2.2** Lyfjæftirlit með áfrýjunarrétt á úrskurði sem borist hefur samkvæmt grein 14.2.1, er heimilt innan 15 daga frá móttöku hans að fara fram á eintak af öllum málgögnum varðandi úrskurðinn.

### **14.3 Opinberar upplýsingar**

**14.3.1** Nöfn íþróttamanna eða annarra einstaklinga sem lyfjæftirlit telur að hafi brotið lyfjareglur, má lyfjæftirlitið sem ber ábyrgð á meðferð niðurstaðna, upplýsa eftir að íþróttamanninum eða

öðrum einstaklingi hefur verið tilkynnt það í samræmi við grein 7.3, 7.4, 7.5, 7.6 eða 7.7 og og viðkomandi lyfjaeftirlitum í samræmi við grein 14.1.2.

14.3.2 Eigi síðar en tuttugu dögum eftir endanlegan úrskurð samkvæmt grein 13.2.1 eða 13.2.2 eða áfrýjun þar að lútandi hefur verið hafnað eða skýrslugjöf hefur verið hafnað eða fullyrðing um brot á lyfjareglum hefur ekki verið véfengd með öðrum hætti, verður lyfjaeftirlitið sem ber ábyrgð á meðferð niðurstaðna að upplýsa opinberlega stöðu málsins, svo sem íþróttagreinina, þá reglu sem var brotin, nafn íþróttamannsins eða annars einstaklings sem braut lyfjaregluna, bannaða efnið eða bönnuðu aðferðina og viðurlög. Sama lyfjaeftirlit skal einnig birta endanlegan úrskurð varðandi brot á lyfjareglum, þar á meðal ofangreindar upplýsingar.

14.3.3 Í öllum tilfellum þar sem úrskurðað er eftir skýrslutöku eða áfrýjun að íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur hafi ekki brotið lyfjareglur, má eingöngu birta þann úrskurð opinberlega með samþykki íþróttamannsins eða annars einstaklings sem úrskurðurinn varðar. Lyfjaeftirlitið sem hefur umsjón með niðurstöðunum skal kappkosta að fá slíkt samþykki og ef það fæst, skal lyfjaeftirlitið opinbera úrskurðinn í heild sinni eða í stytta formi sem íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur samþykkir.

14.3.4 Lágmarksbirting telst vera birting umbeðinna upplýsinga á vefsíðu lyfjaeftirlitsins og láta þær vera í minnst einn mánuð eða meðan á keppnisbanni stendur, eftir því hvort tímabilið er lengra.

14.3.5 Ekkert lyfjaeftirlit eða rannsóknarstofa viðurkennd af WADA, eða starfsmaður þeirra, má tjá sig opinberlega um einstök atriði í neinu virku máli (nema hvað varðar almenna lýsingu á ferlinu og vísindunum) nema til að svara opinberum athugasemdum íþróttamannsins, annars einstaklings eða fulltrúa þeirra.

14.3.6 Lögboðin birting samkvæmt 14.3.2 er óþörf ef íþróttamaðurinn eða hinn aðilinn sem brýtur lyfjareglurnar er ólögráða. Möguleg birting í málum sem varða ólögráða aðila skal miðast við staðreyndir málsins og kringumstæður.

#### **14.4 Tölulegar skýrslur**

*Lyfjaeftirlit* skal minnst árlega birta opinberlega tölur um starfsemi sína ásamt eintaki til WADA. Lyfjaeftirlit mega líka birta skýrslur sem sýna nafn hvers íþróttamanns sem er prófaður og dagsetningu prófunar. WADA skal minnst árlega birta tölulegar skýrslur með upplýsingum frá lyfjaeftirlitum og rannsóknarstofum.

#### **14.5 Lyfjaeftirlitsupplýsingamiðstöð**

WADA skal vera miðstöð fyrir gögn lyfjaeftirlits og niðurstöður, þar á meðal einkum gögn er varða lífskilríki fyrir íþróttamenn á alþjóðastigi og íþróttamenn á landsstigi og upplýsingar um dvalarstað íþróttamanna, einnig þeirra sem tilheyra skráðum lyfjaprófunarhópi landslyfjaeftirlits. Til að greiða fyrir samræmdri dreifingu lyfjaprófa og forðast óþarfa tvítekingar á prófum ýmissa framkvæmda aðila lyfjaeftirlits, skal hvert lyfjaeftirlit tilkynna öll próf í keppni og utan keppni á þessum íþróttamönnum eins fljótt og auðið er að prófunum loknum til upplýsingamiðstöðvar WADA gegnum ADAMS eða annað kerfi samþykkt af WADA. Þessar upplýsingar skulu vera aðgengilegar þar sem það á við og í samræmi við gildandi reglur, fyrir íþróttamanninn, lyfjaeftirlitið og alþjóðasambandið og önnur lyfjaeftirlit með prófunarvald yfir íþróttamanninum.

Til að WADA geti verið upplýsingamiðstöð fyrir niðurstöður lyfjaprófa og úrskurði varðandi niðurstöður hefur gagnagrunnurinn ADAMS verið þróaður, sem endurspeglar kröfur um trúnaðarreglur í meðferð gagna. WADA þróaði ADAMS til að vera í samræmi við ákvæði og venjur um upplýsingatrunað sem gilda hjá WADA og öðrum stofnunum sem nota ADAMS. Trúnaðarupplýsingar um íþróttamann, aðstoðarfólk íþróttamanns, eða aðra sem tengjast baráttu gegn lyfjamisnotkun skal vera viðhaldið af WADA undir eftirliti kanadískra persónuverndaryfirvalda, í fyllsta trúnaði og í samræmi við alþjóðareglur um gagnavernd og persónuupplýsingar.

## 14.6 Gagnavernd

Lyfjaeftirlitum er heimilt að safna, varðveita, vinna eða upplýsa persónulegar upplýsingar um íþróttamenn og aðra aðila þar sem nauðsyn krefur og við hæfi er að fylgjast með saknæmu athæfi samkvæmt lyfjareglunum og alþjóðlegum reglum (þar á meðal alþjóðlegum reglum um friðhelgi og verndun persónuupplýsinga) og samkvæmt gildandi lögum.

### GREIN 15 BEITING OG VIÐURKENNING ÚRSKURÐA

15.1 Með fyrirvara um áfrýjunarrétt samkvæmt grein 13, skulu prófanir og niðurstöður skýrslugjafar eða annar lokaúrskurður sérhvers undirritunaraðila samkvæmt lyfjareglunum og er innan valdsviðs viðkomandi undirritunaraðila, vera viðurkenndar á heimsvísu og virtar af öðrum undirritunaraðilum.

15.2 Undirritunaraðilar skulu viðurkenna sömu ráðstafanir annarra aðila sem hafa ekki samþykkt lyfjareglurnar ef reglur viðkomandi aðila eru að öðru leyti í samræmi við lyfjareglurnar

## GREIN 16 LYFJAEFTIRLIT FYRIR DÝR SEM KEPPA Í ÍÞRÓTTUM

16.1 Í öllum íþróttum þar sem dýr eru í keppni skal viðkomandi alþjóðasamband setja og framkvæma reglur um lyfjaeftirlit dýra sem taka þátt í íþróttinni. Lyfjareglurnar skulu innihalda lista yfir bönnuð efni, viðeigandi prófunarverklagsreglur og lista yfir viðurkenndar rannsóknarstofur fyrir greiningu sýna.

16.2 Hvað varðar úrskurð um brot á lyfjareglum, meðferð niðurstaðna, sanngjarna skýrslugjöf, viðurlög og áfrýjanir vegna dýra í íþróttum, skal alþjóðasamband viðkomandi íþróttar setja og framkvæma reglur sem eru almennt í samræmi við greinar 1, 2, 3, 9, 10, 11, 13 og 17 í lyfjareglunum

## GREIN 17 FYRNINGARÁKVÆÐI

Ekki má grípa til aðgerða vegna brots á lyfjareglu gegn íþróttamanni eða öðrum nema hann eða hún hafi fengið tilkynningu um brotið eins og kveðið er á um í grein 7 eða tilkynning hafi verið reynd, innan tíu ára frá því að talið er að það hafi orðið.

## 2. Kafli

### FRÆÐSLA OG RANNSÓKNIR

#### **GREIN 18 FRÆÐSLA**

##### **18.1 Grunnreglur og meginmarkmið**

Grunnreglur fyrir upplýsinga- og fræðsluáætlanir skulu vera að varðveita íþróttandann eins og honum er lýst í inngangi að lyfjareglunum, svo honum verði ekki spillt með lyfjamisnotkun. Meginmarkmið slíkra áætlana er forvarnir. Tilgangurinn skal vera að hindra meðvitaða eða ómeðvitaða notkun íþróttamanna á bönnuðum efnum og bönnuðum aðferðum.

Fræðsla skal einkum felast í að veita íþróttamönnum grunnupplýsingar eins og lýst er í grein 18.2 Fræðsluáætlanir skulu hafa forvarnir að leiðarljósi. Forvarnaráætlanir skulu byggjast á gildum og beinast að íþróttamönnum og aðstoðarfólki íþróttamanna með áherslu á ungt fólk gegnum námsefni skóla.

Allir undirritunaraðilar skulu kappkosta innan síns ábyrgðarsviðs og í samstarfi innbyrðis, skipuleggja, framkvæma, meta og fylgjast með upplýsinga-forvarna-og fræðsluáætlunum fyrir lyfjamisnotkunarlausar íþróttir.

##### **18.2 Áætlanir og starfsemi**

Þessar áætlanir skulu veita íþróttamönnum og öðrum einstaklingum nýjustu og nákvæmstu upplýsingar ,að lágmarki, um eftirfarandi efni:

- Efni og aðferðir á bannlistanum
- Brot á lyfjareglum
- Afleiðingar lyfjamisnotkunar, þar á meðal viðurlög, áhrif á heilsu og félagsleg áhrif.
- Verklagsreglur lyfjaeftirlits
- Réttindi og ábyrgðarsvið íþróttamanna og aðstoðarfólks íþróttamanna
- TUE.
- Hættur vegna fæðubótarefna
- Skaðleg áhrif lyfjamisnotkunar á íþróttandann
- Viðeigandi kröfur um upplýsingar um dvalarstað.

Áætlarnir skulu efla íþróttandann til að skapa umhverfi sem stuðlar mjög að lyfjamisnotkunarlausum íþróttum og hefur jákvæð og langvarandi áhrif á stjórn íþróttamanna og annarra einstaklinga á lífi sínu.

Þessar forvarnaáætlanir skulu einkum miðast við ungt fólk, sniðnar að þroska þess, í skóla og íþróttafélögum, foreldra þeirra, fullorðna íþróttamenn, forráðamenn íþróttafélaga, þjálfara, lækna og fjölmiðlafólk.

Aðstoðarfólk íþróttamanna skal fræða og ráða íþróttamönnum heilt um stefnur í lyfjamálum og reglur sem settar eru samkvæmt lyfjareglunum.

Allir undirritunaraðilar skulu efla og styðja virka þátttöku íþróttamanna og aðstoðarfólks íþróttamanna í fræðsluáætlunum fyrir lyfjamisnotkunarlausar íþróttir.

### **18.3 Siðareglur**

Allir undirritunaraðilar skulu vinna saman og með stjórnvöldum til að hvetja viðkomandi fagsamtök og stofnanir til að þróa og samþykkja viðeigandi siðareglur, góðar starfsvenjur og siði fyrir lyfjamisnotkunarlausar íþróttir, sem og viðurlög í samræmi við lyfjareglurnar.

### **18.4 Samræming og samvinna**

WADA skal vera miðstöð upplýsinga- og fræðsluefnis og/eða áætlana sem WADA þróar eða lyfjaeftirlit.

Allir undirritunaraðilar og íþróttamenn og aðrir einstaklingar skulu vinna saman og með stjórnvöldum til að samræma aðgerðir sínar í upplýsingamiðlun- og fræðslu um lyfjamisnotkunarlausar íþróttir til að deila reynslu sinni og tryggja skilvirkni áætlana sem eiga að hindra lyfjamisnotkun í íþróttum.

## **GREIN 19 Rannsóknir**

### **19.1 Markmið og tilgangur rannsókna á ólöglegri lyfjamisnotkun**

Rannsókn á ólöglegri lyfjamisnotkun styður þróun og framkvæmd skilvirkra áætlana innan lyfjaeftirlitsins og upplýsingar og fræðslu varðandi lyfjamisnotkunarlausar íþróttir.

Allir undirritunaraðilar skulu í innbyrðis samvinnu og með yfirvöldum hvetja og efla slíkar rannsóknir og kappkosta að tryggja að niðurstöður þeirra verði notaðar til að efla þau markmið sem eru í samræmi við meginreglur lyfjareglanna.

### **19.2 Tegundir rannsókna**

Rannsóknir á ólöglegri lyfjamisnotkun geta verið: Félagslegar, atferlislegar, lagalegar og siðfræðilegar rannsóknir ásamt læknisfræðilegum, greiningarlegum og líkamsfræðilegum athugunum. Rannsóknir á skipulagi og mati á áhrifum vísindalegra þjálfunaráætlana sem eru í samræmi við meginreglur lyfjareglanna og virða heilindi mannegra viðfangsefna, sem og rannsóknir á notkun vinsælla efna eða aðferða sem byggjast á vísindalegum þróunum, skulu einnig gerðar.

### **19.3 Samræming rannsókna og miðlun niðurstaðna**

Samræming rannsókna á ólöglegri lyfjamisnotkun með tilstyrk WADA er nauðsynleg. Með fyrirvara um hugverkarétt, skal veita WADA afrit af niðurstöðum á rannsóknum á ólöglegri lyfjamisnotkun og deila þeim með viðkomandi undirritunaraðilum og öðrum hagsmunaaðilum.

### **19.4 Rannsóknarreglur**

Rannsókn á ólöglegri lyfjamisnotkun skal fylgja alþjóðlegum viðurkenndum siðfræðireglum.

### **19.5 Rannsókn á notkun bannaðra efna og bannaðra aðferða**

Forðast skal í rannsóknarstarfi að gefa íþróttamönnum bönnuð efni eða nota bannaðar aðferðir á þá.

### **19.6 Misnotkun niðurstaðna**

Viðeigandi varúðarráðstafanir skal gera svo að niðurstöður rannsókna á ólöglegri lyfjamisnotkun verði ekki misnotaðar og þeim beitt við lyfjamisnotkun.



### **3. kafli**

## **HLUTVERK OG ÁBYRGÐ**

Allir undirritunaraðilar skulu starfa í anda samvinnu og félagshyggju til að tryggja árangur í baráttu gegn lyfjamisnotkun í íþróttum og virðingu fyrir lyfjareglunum.

### **GREIN 20 Önnur hlutverk og ábyrgð undirritunaraðila**

#### **20.1 Hlutverk og ábyrgð Alþjóða Ólympíunefndarinnar**

20.1.1 Að samþykkja og framkvæma stefnur og reglur fyrir Ólympíuleika sem fylgja lyfjareglunum.

20.1.2 Að krefjast þess sem skilyrði fyrir viðurkenningu Alþjóða Ólympíunefndarinnar að alþjóðasambönd innan Ólympíuhreyfingarinnar fylgi lyfjareglunum.

20.1.3 Að halda eftir hluta eða að öllu leyti fjárveitingu Ólympíuhreyfingarinnar til íþróttasamtaka sem fylgja ekki lyfjareglunum.

20.1.4 Að grípa til viðeigandi aðgerða til að letja frávik frá lyfjareglum eins og kveðið er á um í grein 23.5.

20.1.5 Að heimila og greiða fyrir óháðu eftirliti.

20.1.6 Að krefjast þess að allir íþróttamenn og aðstoðarfólk íþróttamanna, sem taka þátt sem þjálfarar, fararstjórar, liðsmenn, starfsmenn, læknar eða sjúkraliðar á Ólympíuleikunum að samþykkja að fylgja reglum um lyfjamisnotkun í samræmi við lyfjareglurnar sem skilyrði fyrir slíkri þátttöku.

20.1.7 Að rannsaka öll hugsanleg brot á lyfjareglum innan sinnar lögsögu, þar á meðal rannsókn á því hvort aðstoðarfólk íþróttamanns eða aðrir einstaklingar kunni að hafa tengst hverju tilviki lyfjamisnotkunar.

20.1.8 Að taka við umsóknum um Ólympíuleikana eingöngu frá löndum þar sem yfirvöld hafa fullgilt, samþykkt, tekið upp eða heitið að hlíta UNESCO-samningnum og Ólympíunefndin, Alþjóða-Ólympíuhreyfing fatlaðra og landslyfjaeftirlitið eru í samræmi við lyfjareglurnar.

20.1.9 Að efla fræðslu um ólöglega lyfjamisnotkun.

20.1.10 Að vinna með viðkomandi landssamböndum og stofnunum og öðrum lyfjaeftirlitum.

#### **20.2 Hlutverk og ábyrgð Ólympíuráðs fatlaðra**

20.2.1 Að samþykkja og framkvæma stefnur og reglur fyrir Ólympíumót fatlaðra sem fylgja lyfjareglunum.

20.2.2 Að krefjast þess sem skilyrði fyrir viðurkenningu Ólympíuráðs fatlaðra að Ólympíulandsráð fatlaðra innan Ólympíuhreyfingarinnar fylgi lyfjareglunum.

20.2.3 Að halda eftir hluta eða að öllu leyti fjárveitingu Ólympíuráðs fatlaðra til íþróttasamtaka sem fylgja ekki lyfjareglunum.

20.2.4 Að grípa til viðeigandi aðgerða til að letja frávik frá lyfjareglum eins og kveðið er á um í grein 23.5.

20.2.5 Að heimila og greiða fyrir óháðu eftirliti.

20.2.6 Að krefjast þess að allir íþróttamenn og aðstoðarfólk íþróttamanna, sem taka þátt sem þjálfarar, fararstjórar, liðsmenn, starfsmenn, læknar eða sjúkraliðar á Ólympíumóti fatlaðra samþykki að fylgja reglum um lyfjamisnotkun í samræmi við lyfjareglurnar sem skilyrði fyrir slíkri þátttöku.

20.2.7 Að rannsaka öll hugsanleg brot á lyfjareglum innan sinnar lögsögu, þar á meðal rannsókn á því hvort aðstoðarfólk íþróttamanns eða aðrir einstaklingar kunni að hafa tengst hverju tilviki lyfjamisnotkunar.

20.2.8 Að efla fræðslu um ólöglega lyfjamisnotkun.

20.2.9 Að vinna með viðkomandi landssamböndum og stofnunum og öðrum lyfjaeftirlitum.

### 20.3 Hlutverk og ábyrgð alþjóðasambanda

20.3.1 Að samþykkja og framkvæma stefnur og reglur sem eru í samræmi við lyfjareglurnar.

20.3.2 Að krefjast þess sem skilyrði fyrir aðild að stefnur, reglur og áætlanir landssambanda þeirra og annarra meðlima séu í samræmi við lyfjareglurnar.

20.3.3 Að krefjast þess að allir íþróttamenn og aðstoðarfólk íþróttamanna sem taka þátt sem þjálfarar, fararstjórar, liðsmenn, starfsmenn, læknar eða sjúkraliðar í keppni eða atburði sem er heimilaður eða skipulagður af alþjóðasambandinu eða aðildarsambandi þess, að samþykkja að fara eftir reglum um lyfjamisnotkun í samræmi við lyfjareglurnar, sem skilyrði fyrir slíkri þátttöku.

20.3.4 Að krefjast þess af íþróttamönnum sem eru ekki reglulegir meðlimir alþjóðasambandsins eða aðildarsambanda að vera tiltækir fyrir sýnatöku og veita nákvæmar og uppfærðar upplýsingar um dvalarstað sem hluta af prófunarhópi alþjóðasambandsins í samræmi við skilyrði fyrir keppnisrétt hjá viðkomandi alþjóðasambandi eða mótshaldara, eftir því sem við á.

20.3.5 Að krefjast þess af landssamböndum að setja reglur sem krefjast þess að allir íþróttamenn og aðstoðarfólk íþróttamanna sem taka þátt sem þjálfarar, fararstjórar, liðsmenn, starfsmenn, læknar eða sjúkraliðar í keppni eða atburði sem er heimilaður eða skipulagður af alþjóðasambandinu eða aðildarsambandi þess, að samþykkja að fara eftir reglum um lyfjamisnotkun og lúta umsjónarvaldi lyfjaeftirlits í samræmi við lyfjareglurnar, sem skilyrði fyrir slíkri þátttöku.

20.3.6 Að skylda landssambönd til að tilkynna allar upplýsingar sem gefa í skyn eða tengjast broti á lyfjareglum til landssambands síns og alþjóðasambands og að vinna með rannsóknum á vegum lyfjaeftirlitsins sem hefur vald til að sjá um slíka rannsókn.

20.3.7 Að gera viðeigandi ráðstafanir til að letja frávik frá lyfjareglum eins og kveðið er á um í grein 23.5.

20.3.8 Að heimila og greiða fyrir óháðu eftirliti.

20.3.9 Að halda eftir hluta eða að öllu leyti fjárveitingu landssambands sem fylgir ekki lyfjareglunum

20.3.10 Að rannsaka öll hugsanleg brot á lyfjareglum innan sinnar lögsögu, þar á meðal rannsókn á því hvort aðstoðarfólk íþróttamanns eða aðrir einstaklingar kunni að hafa tengst hverju tilviki lyfjamisnotkunar til að tryggja réttmæta fullnustu viðurlaga og að stýra sjálfkrafa rannsókn á aðstoðarfólki íþróttamanns ef um er að ræða brot á lyfjareglum sem varðar ólöggráða unglings eða

aðstoðarfólk íþróttamanns sem hefur veitt fleiri en einum íþróttamanni stuðning sem brotið hefur lyfjalög.

20.3.11 Að kappkosta að veita heimsmeistaramót eingöngu þeim löndum þar sem stjórnvöld hafa fullgilt, samþykkt, tekið upp eða heitið að hlíta UNESCO-samningnum og Ólympíunefndin, Alþjóða-Ólympíuhreyfing fatlaðra og landslyfjaeftirlitið eru í samræmi við lyfjareglurnar.

20.3.12 Að efla fræðslu um ólöglega lyfjamisnotkun, þar á meðal að skylda landssambönd til að sjá um fræðslu í samstarfi við lyfjaeftirlit landsins.

20.3.13 Að vinna með viðkomandi landssamböndum og stofnunum og öðrum lyfjaeftirlitum

20.3.14 Að vinna alfarið með WADA í tengslum við rannsóknir á vegum WADA samkvæmt grein 20.7.10.

20.3.15 Að setja agareglur og skylda landssambönd að setja agareglur til að hindra aðstoðarfólk íþróttamanns, sem notar bönnuð efni eða bannaðar aðferðir án gildrar réttlætningar, í því að aðstoða íþróttamenn innan valdsviðs alþjóðasambandsins eða landssambandsins.

#### 20.4 Hlutverk og ábyrgð Ólympíunefnda og Ólympíuráðs fatlaðra hvers lands

20.4.1 Að tryggja að stefnur þeirra og reglur séu í samræmi við lyfjareglurnar.

20.4.2 Að krefjast þess sem skilyrði fyrir aðild að stefnur, reglur og áætlanir landssambanda séu í samræmi við gildandi ákvæði lyfjareglanna.

20.4.3 Að virða sjálfstæði lyfjaeftirlits lands og hafa ekki afskipti af úrskurðum þess og starfsemi.

20.4.4 Að skylda landssambönd til að tilkynna allar upplýsingar sem gefa í skyn eða tengjast broti á lyfjareglum til lyfjaeftirlits og alþjóðasambands og vinna með rannsóknum á vegum lyfjaeftirlitsins sem hefur vald til þess.

20.4.5 Að gera að skilyrði fyrir þátttöku í Ólympíuleikum og Ólympíumóti fatlaðra, að lágmarki, að íþróttamenn sem eru ekki reglulegir meðlimir landssambandsins séu tiltækir fyrir sýnatöku og veita upplýsingar um dvalarstað eins og skylt er í alþjóðlegum lögum um lyfjapróf og rannsóknir um leið og íþróttamaður er settur á langa listann eða síðar lagt fram skráningarskjal í tengslum við Ólympíuleika eða Ólympíumót fatlaðra.

20.4.6 Að vinna með lyfjaeftirlit landsins og vinna með yfirvöldum til að koma á lyfjaeftirliti, sé það ekki til staðar, að því tilskildu að á meðan gegni Ólympíunefndin eða fulltrúi hennar skyldum lyfjaeftirlits landsins.

20.4.6.1 Fyrir þjóðir sem tilheyra svæðislyfjaeftirliti, skal Ólympíunefnd landsins, í samstarfi við yfirvöld, veita svæðislyfjaeftirlitinu virkan stuðning.

20.4.7 Að krefjast þess af landssambandi að setja reglur sem krefjast þess að aðstoðarfólk íþróttamanna sem tekur þátt sem þjálfarar, fararstjórar, liðsmenn, starfsmenn, læknar eða sjúkraliðar í keppni eða atburði sem er heimilaður eða skipulagður af landssambandinu eða aðildarsambandi þess, að samþykkja að fara eftir reglum um lyfjamisnotkun og lúta valdi lyfjaeftirlitsins sem sér um meðferð niðurstaðna í samræmi við lyfjareglurnar, sem skilyrði fyrir slíkri þátttöku.

20.4.8 Að halda eftir hluta eða að öllu leyti fjárveitingu til íþróttamanns eða aðstoðarfólks íþróttamanns sem hefur brotið lyfjareglurnar, meðan á keppnisbanni viðkomandi stendur.

20.4.9 Að halda eftir hluta eða að öllu leyti fjárveitingu landssambands sem fylgir ekki lyfjareglunum

20.4.10 Að rannsaka öll hugsanleg brot á lyfjareglum innan sinnar lögsögu, þar á meðal rannsókn á því hvort aðstoðarfólk íþróttamanns eða aðrir einstaklingar kunni að hafa tengst hverju tilviki lyfjamisnotkunar.

20.4.11 Að efla fræðslu um ólöglega lyfjamisnotkun.

20.4.12 Að vinna með viðkomandi landssamböndum og stofnunum og öðrum lyfjaeftirlitum.

20.4.13 Að setja agareglur og skylda landssambönd að setja agareglur til að hindra aðstoðarfólk íþróttamanns, sem notar bönnuð efni eða bannaðar aðferðir án gildrar réttlætningar, í því að aðstoða íþróttamenn innan valdsviðs Ólympíunefndarinnar eða Ólympíunefndar fatlaðra.

## 20.5 Hlutverk og ábyrgð lyfjaeftirlits í hverju landi

20.5.1 Að vera sjálfstætt í úrskurðum sínum og starfsemi.

20.5.2 Að samþykkja og framkvæma reglur um ólöglega lyfjamisnotkun og stefnur í samræmi við Alþjóðalyfjareglurnar.

20.5.3 Að vinna með öðrum skyldum samböndum og stofnunum landsins og öðrum lyfjaeftirlitum.

20.5.4 Að hvetja til gagnkvæmra prófana milli lyfjaeftirlita landa.

20.5.5 Að efla rannsóknir á ólöglegri lyfjamisnotkun.

20.5.6 Þar sem fé er veitt, að halda eftir hluta eða að öllu leyti fjárveitingu til íþróttamanns eða aðstoðarfólks íþróttamanns sem hefur brotið lyfjareglurnar, meðan á keppnisbanni viðkomandi stendur.

20.5.7 Að rannsaka öll hugsanleg brot á lyfjareglum innan sinnar lögsögu, þar á meðal rannsókn á því hvort aðstoðarfólk íþróttamanns eða aðrir einstaklingar kunni að hafa tengst hverju tilviki lyfjamisnotkunar og að tryggja rétta fullnustu viðurlaga.

20.5.8 Að efla fræðslu um ólöglega lyfjamisnotkun.

20.5.9 Að standa fyrir sjálfkrafa rannsókn á aðstoðarfólki íþróttamanns innan lögsögu þess ef um er að ræða brot ólögráða einstaklings á lyfjareglum og standa fyrir sjálfkrafa rannsókn á aðstoðarfólki íþróttamanns sem hefur aðstoðað fleiri en einn íþróttamann sem staðinn er að broti á lyfjareglum.

20.5.10 Að vinna alfarið með WADA í tengslum við rannsóknir á vegum WADA samkvæmt grein 20.7.10.

## 20.6 Hlutverk og ábyrgð stórmótshaldara

20.6.1 Að samþykkja og framkvæma stefnur og reglur fyrir mót sín sem eru í samræmi við lyfjareglurnar.

20.6.2 Að grípa til viðeigandi ráðstafana til að letja frávik frá lyfjareglunum eins og kveðið er á um í grein 23.5.

20.6.3 Að heimila og greiða fyrir óháðu eftirliti.

20.6.4 Að krefjast þess að allir íþróttamenn og aðstoðarfólk íþróttamanna sem taka þátt sem þjálfarar, fararstjórnar, liðsmenn, starfsmenn, læknar eða sjúkraliðar í mótinu, að samþykkja að fara eftir reglum um lyfjamisnotkun í samræmi við lyfjareglurnar, sem skilyrði fyrir slíkri þátttöku.

20.6.5 Að rannsaka öll hugsanleg brot á lyfjareglum innan sinnar lögsögu, þar á meðal rannsókn á því hvort aðstoðarfólk íþróttamanns eða aðrir einstaklingar kunni að hafa tengst hverju tilviki lyfjamisnotkunar

20.6.6 Að kappkosta að veita mót eingöngu þeim löndum þar sem stjórnvöld hafa fullgilt, samþykkt, tekið upp eða heitið að hlíta UNESCO-samningnum og Ólympíunefndin, Alþjóða-Ólympíuhreyfing fatlaðra og landslyfjaeftirlitið eru í samræmi við lyfjareglurnar.

20.6.7 Að efla fræðslu um ólöglega lyfjamisnotkun.

20.6.8 Að vinna með viðkomandi samböndum og stofnunum landsins og öðrum lyfjaeftirlitum.

## **20.7 Hlutverk og ábyrgð WADA**

20.7.1 Að samþykkja og framkvæma stefnur og reglur sem eru í samræmi við lyfjareglurnar.

20.7.2 Að fylgjast með fylgni undirritunaraðila við lyfjareglurnar.

20.7.3 Að samþykkja *alþjóðlegar reglur* sem gilda um framkvæmd lyfjareglanna.

20.7.4 Að viðurkenna og endurviðurkenna rannsóknarstofur til að sjá um greiningu á sýni eða samþykkja aðrar til að sjá um greiningu á sýni

20.7.5 Að þróa og birta leiðbeiningar og fyrirmyndarstarfsvenjur.

20.7.6 Að efla, sjá um, veita heimild til, fjármagna og samræma rannsóknir á ólöglegri lyfjamisnotkun og efla fræðslu um ólöglega lyfjamisnotkun.

20.7.7 Að skipuleggja og sjá um skilvirkt óháð eftirlit og annars konar ráðgjöf fyrir mót.

20.7.8 Að sjá um, við sérstakar aðstæður og að fyrirmælum WADA, lyfjaeftirlit að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni annarra lyfjaeftirlita og vinna með viðkomandi landssamböndum og alþjóðasamböndum og stofnunum, greiða fyrir athugunum og rannsóknum, svo fátt eitt sé nefnt.

20.7.9 Að samþykkja, í samráði við alþjóðasambönd, lyfjaeftirlit og mótshaldara, skilgreindar áætlanir fyrir lyfjapróf og sýnagreiningu.

20.7.10 Að hefja eigin rannsóknir á brotum á lyfjareglum og annarri starfsemi sem kann að auðvelda lyfjamisnotkun.

## **GREIN 21 Önnur hlutverk og ábyrgð íþróttamanna og annarra einstaklinga**

### **21.1 Hlutverk og ábyrgð íþróttamanna**

21.1.1 Að þekkja og fylgja öllum gildandi stefnum og reglum í lyfjamálum samkvæmt lyfjareglunum.

21.1.2 Að vera alltaf til taks fyrir sýnatöku.

21.1.3 Að bera ábyrgð á, hvað ólöglega lyfjamisnotkun varðar, á því sem þeir neyta og nota.

21.1.4 Að upplýsa heilbrigðisstarfsmenn um skyldu þeirra að nota ekki bönnuð efni og bannaðar aðferðir og að ábyrgjast að gæta þess að sérhver læknismeðferð sem þeir fá sé ekki í trássi við stefnur og reglur í lyfjamálum samkvæmt lyfjareglunum

21.1.5 Að upplýsa lyfjaeftirlit sitt og alþjóðasamband um sérhvern úrskurð annars aðila en undirritunaraðila þess efnis að ípróttamaðurinn hafi brotið lyfjareglur á undanförunum tíu árum.

21.1.6 Að vinna með lyfjaeftirlitum við rannsókn á brotum á lyfjareglum.

## **21.2 Hlutverk og ábyrgð aðstoðarfólks ípróttamanna**

21.2.1 Að þekkja og fylgja öllum gildandi stefnum og reglum í lyfjamálum samkvæmt lyfjareglunum og sem gilda um það eða ípróttamennina sem það aðstoðar.

21.2.2 Að vinna með lyfjaprófunaráætlun ípróttamanna.

21.2.3 Að beita áhrifum sínum á lífsgildi ípróttamanna og atferli til að ala á andstöðu við ólöglega lyfjamisnotkun.

21.2.4 Að upplýsa lyfjaeftirlit sitt og alþjóðasamband um sérhvern úrskurð annars aðila en undirritunaraðila þess efnis að hann/hún hafi brotið lyfjareglur á undanförunum tíu árum.

21.2.6 Aðstoðarfólk ípróttamanns skal ekki nota eða hafa undir höndum bannað efni eða bannaða aðferð án gilds rökstuðnings.

21.3 Hlutverk og ábyrgð svæðislyfjaeftirlita.

21.3.1 Tryggja að aðildarlönd samþykki og framkvæmi reglur, stefnur og áætlanir sem eru í samræmi við lyfjareglurnar.

21.3.2 Að gera sem skilyrði fyrir aðild að aðildarþjóð undirriti formlegt aðildarskjal svæðislyfjaeftirlitsins þar sem skýrt kemur fram að ábyrgð á lyfjaeftirliti er á vegum svæðislyfjaeftirlitsins.

21.3.3 Að vinna með öðrum viðkomandi lands-og svæðissamböndum og stofnunum og öðrum lyfjaeftirlitum.

21.3.4 Að hvetja til gagnkvæmra prófa milli lyfjaeftirlita og svæðislyfjaeftirlita.

21.3.5 Að hvetja til rannsókna á lyfjamisnotkun.

21.3.6 Að efla fræðslu um lyfjamisnotkun.

## **GREIN 22 Þátttaka stjórnvalda**

Hollusta stjórnvalda við lyfjareglur kemur fram með undirritun þeirra á Kaupmannahafnaryfirlýsingunni um ólöglega lyfjamisnotkun í ípróttum, 3. mars, 2003, og með fullgildingunni, samþykki, upptöku eða fallast á UNESCO-samninginn. Eftirfarandi greinar lýsa væntingum undirritunaraðila:

22.1 Stjórnvöld hvers lands geri allt sem þörf krefur til að fylgja UNESCO-samningnum.

22.2 Stjórnvöld hvers lands munu koma á lögum, reglum, stefnum eða stjórnháttum um samvinnu og miðlun upplýsinga með lyfjaeftirlitum og miðlun gagna með lyfjaeftirlitum eins og kveðið er á um í lyfjareglunum.

22.3 Stjórnvöld hvetja til samvinnu milli opinberra aðila eða stofnana og lyfjaeftirlita um miðlun upplýsinga til lyfjaeftirlita sem koma að gagni í baráttu gegn lyfjamisnotkun og þar sem það væri annars bannað með lögum.

22.4 Stjórnvöld hvers lands virða gerðadóm sem æskilegustu leiðina til að leysa deilur tengdar lyfjamisnotkun, með fyrirvara um grundvallarmannréttindi og gildandi landslög.

22.5 Stjórnvöld sem hafa ekki starfandi lyfjaeftirlit í landi sínu skulu vinna með Ólympíunefnd sinni til að koma slíku eftirliti á fót.

22.6 Stjórnvöld virða sjálfstæði lyfjaeftirlits lands síns og hlutast ekki til um úrskurði þess og starfsemi.

22.5 Stjórnvöld skulu uppfylla væntingar greinar 22.2 eigi síðar en 1. janúar 2016. Aðrir hlutar þessarar greinar eiga þegar að vera uppfylltir.

22.8 Ef stjórnvöld fullgilda ekki, taka upp, samþykkja eða fallast á UNESCO-samninginn fyrir eða hlíta ekki UNESCO-samningnum eftir þann tíma, getur það útilokað þau frá því að sækja um mót eins og kveðið er á um í greinum 20.1.8 20.3.11 og 20.6.6 og getur það leitt til frekari afleiðinga, svo sem missi aðstöðu og stöðu innan WADA, óhæfi eða útilokun á þátttökutilkynningu til að halda alþjóðamót í landi, aflýsingu alþjóðamóta, táknrænna afleiðinga og annarra afleiðinga samkvæmt stofnskrá ÓL.

Þessi grein setur fram væntingar undirritunaraðila til stjórnvalda. En þetta eru eingöngu “væntingar” þar sem stjórnvöldum er eingöngu “skylt” að fylgja kröfum UNESCO-samningsins.

## **4. kafli**

### **SAMÞYKKT, FYLGNI, BREYTINGAR OG TÚLKUN**

#### **GREIN 23 SAMÞYKKT, FYLGNI OG BREYTINGAR**

##### **23.1 Samþykkt lyfjareglanna**

23.1.1 Eftirfarandi aðilar skulu vera undirritunaraðilar lyfjareglanna: WADA, Alþjóðaólympíunefndin, alþjóðasambönd, Alþjóða-Ólympíuhreyfing fatlaðra, Ólympíunefndir hvers lands, Ólympíuhreyfing fatlaðra hvers lands, stórmótshaldarar og lyfjaeftirlit hvers lands. Þessir aðilar skulu samþykkja lyfjareglurnar með undirritun yfirlýsingar þess efnis að undangengnu samþykki stjórnar hvers þeirra

23.1.2 Aðrar íþróttastofnanir sem eru ekki undir valdsviði undirritunaraðila mega, í boði WADA, einnig verða undirritunaraðili með því að samþykkja lyfjareglurnar.

23.1.3 WADA birtir lista yfir alla sem samþykkja reglurnar.

## 23.2 Framkvæmd lyfjareglanna

23.2.1 Undirritunaraðilar skulu framkvæma gildandi ákvæði lyfjareglanna með stefnum, lagaboðum, reglum eða reglugerðum samkvæmt valdi sínu og innan viðeigandi ábyrgðarsviðs síns.

23.2.2 Eftirfarandi greinar eins og þær gilda um starfsemi lyfjaeftirlits gegn ólöglegri lyfjamisnotkun, verða að vera framkvæmdar af undirritunaraðilum án efnislegra breytinga (sem heimilar orðalagsbreytingar til að vísa til heiti sambands, íþróttar, kafla, númera o.sv.frv.)

- Grein 1 (Skilgreining á lyfjamisnotkun)
- Grein 2 (Brot á lyfjareglum)
- Grein 3 (Sönnun um lyfjamisnotkun)
- Grein 4.2.2 (Tilgreind efni)
- Grein 4.3.3 (*Bannlisti WADA*)
- Grein 7.11 (Keppni hætt)
- Grein 9 (Sjálfkrafa ógilding á árangri einstaklings)
- Grein 10 (Refsiaðgerðir gagnvart einstaklingum)
- Grein 11 (*Afleiðingar fyrir lið*)
- Grein 13 (Áfrýjanir) að undanskildri grein 13.2.2, 13.6 og 13.7
- Grein 15.1 (Gagnkvæm viðurkenning úrskurða)
- Grein 17 (Fyrning)
- Grein 24 (Túlkun á lyfjareglunum)
- Viðauki 1 - Skilgreiningar

Ekki má bæta ákvæði við reglur undirritunaraðila sem breytir áhrifum þeirra greina sem hér eru tilgreindar. Reglur undirritunaraðila verða að staðfesta ótvírætt athugasemdir lyfjareglanna og veita þeim sömu stöðu og þær hafa í reglunum.

23.2.3 Við framkvæmd reglnanna eru undirritunaraðilar hvattir til að nota fyrirmyndarstarfsvenjur sem WADA mælir með.

### 23.3 Framkvæmd lyfjaeftirlitsáætlana

Undirritunaraðilar skulu leggja nægilegt af mörkum til að framkvæma lyfjaeftirlitsáætlanir á öllum sviðum sem eru í samræmi við lyfjareglurnar og alþjóðlegar reglur.

## 23.4 Fylgni við lyfjareglurnar

Undirritunaraðilar teljast ekki fylgja lyfjareglunum fyrr en þeir hafa samþykkt og framkvæmt lyfjareglurnar í samræmi við greinar 23.1, 23.2 og 23.3. Þeir skulu ekki teljast framfylgja reglunum þegar samþykki hefur verið afturkallað.



### **23.5 Eftirlit með að lyfjareglunum og UNESCO-samningnum sé fylgt**

23.5.1 WADA fylgist með því að lyfjareglunum sé fylgt, eða samþykkir annan hátt á eftirliti. Fylgjast skal með fylgni við lyfjaeftirlitsáætlanir samkvæmt grein 23.3 á grundvelli skilyrða framkvæmdanefndar WADA. Fylgst verður með fylgni við skuldbindingar UNESCO-samningsins eins og aðilar að honum ákveða, eftir samráð við aðila og WADA. WADA skal ráðleggja stjórnvöldum um framkvæmd lyfjareglanna af hálfu undirritunaraðila og skal ráðleggja undirritunaraðilum um fullgildingu, samþykkt og upptöku UNESCO-samningsins af hálfu stjórnvalda.

23.5.2 Til að greiða fyrir eftirliti skal hver undirritunaraðili upplýsa WADA annað hvert ár hvernig lyfjareglunum er fylgt samkvæmt kröfum stofnráðs WADA og skýra ástæður ef þeim er ekki fylgt.

23.5.3 Ef undirritunaraðili veitir WADA ekki umbeðnar fylgniupplýsingar vegna greinar 23.5.2, eða veitir WADA ekki umbeðnar upplýsingar vegna annarra greina í lyfjareglunum, má líta á það sem lyfjareglunum sé ekki fylgt.

23.5.4 Allar fylgniskýrslur WADA skulu samþykktar af stjórn WADA. WADA skal ræða við undirritunaraðila áður en þess er getið í skýrslu að undirritunaraðili fylgi ekki lyfjareglunum. Allar skýrslur WADA sem álykta að undirritunaraðili fylgi ekki reglunum, skulu samþykktar af stjórn WADA á fundi eftir að undirritunaraðili hefur fengið færi á að leggja fram skriflegar röksemdir við stjórnina. Ályktun stjórnar WADA að undirritunaraðili fylgi ekki lyfjareglunum, má áfrýja samkvæmt grein 13.6.

23.5.5 WADA sendir fylgniskýrslur til Alþjóða Ólympíunefndarinnar, Ólympíuráðs fatlaðra, alþjóðasambanda og stórmótshaldara. Þessar skýrslur skulu einnig vera tiltækar almenningi.

23.5.6 WADA skal fjalla um skýringar á því að lyfjareglunum er ekki fylgt og má mæla með því, í sérstökum kringumstæðum, við Alþjóða Ólympíunefndina, Alþjóða-Ólympíuhreyfingu fatlaðra, alþjóðasambönd og stórmótshaldara að skortur á fylgni verði látinn óátalinn en með fyrirvara.

### **23.5 Aðrar afleiðingar af því að undirritunaraðili fylgir ekki lyfjareglunum**

Ef undirritunaraðili fylgir ekki lyfjareglunum getur það leitt til annarra afleiðinga en þeirra að geta ekki sótt um mót eins og lýst er í greinum 20.1.8 (Alþjóða Ólympíunefndin), 20.3.11 (Alþjóðasambönd) og 20.6.6 (Mótshaldarar) svo sem missir á aðstöðu og stöðum innan WADA, óhæfi eða útilokun á þátttökutilkynningu til að halda alþjóðamót í landi, aflýsingu alþjóðamóta, táknrænna afleiðinga og annarra afleiðinga samkvæmt stofnskrá ÓL.

Álagningu slíkra afleiðinga má undirritunaraðili áfrýja til CAS samkvæmt grein 13.6.

### **23.7 Breytingar á lyfjareglunum**

23.7.1 WADA ber ábyrgð á umsjón með þróun og breytingum á lyfjareglunum. Íþróttamenn og aðrir hagsmunaaðilar og stjórnvöld skulu fá boð um að taka þátt í þessu ferli.

23.7.2 WADA skal hafa frumkvæði að tillögum á breytingum á lyfjareglunum og skal tryggja ráðgefandi ferli til að fá meðmæli og bregðast við þeim og til að greiða fyrir endurskoðun og endurgjöf frá íþróttamönnum og öðrum hagsmunaaðilum og stjórnvöldum um tillögur að breytingum.

23.7.3 Breytingar á lyfjareglunum skulu eftir hæfilegar umræður vera samþykktar af 2/3 meirihluta stjórnar WADA sem nær til meirihluta almenna aðila og atkvæða meðlima Ólympíuhreyfingarinnar. Breytingar skulu taka gildi þremur mánuðum eftir samþykki nema annað sé tekið fram.

23.7.4 Undirritunaraðilar skulu breyta reglum sínum til að fella inn lyfjareglurnar 2015 þann 1. janúar, 2015, eða fyrr, til að þær taki gildi 1. janúar, 2015. Undirritunaraðilar skulu framkvæma allar síðari breytingar á lyfjareglunum innan eins árs frá samþykki stjórnar WADA.

### **23.8 Afturköllun samþykkis á lyfjareglunum**

Undirritunaraðilar mega afturkalla samþykki sitt á lyfjareglunum gefi þeir WADA skriflegan sex mánaða fyrirvara um þá ætlan sína.

## **GREIN 24 TÚLKUN Á LYFJAREGLUNUM**

24.1 WADA heldur utan um hinn opinbera texta lyfjareglanna og skal birta hann á ensku og frönsku. Ef kemur til ágreinings milli franska og enska textans, skal enska útgáfan gilda.

24.2 Athugasemdir varðandi ýmis ákvæði lyfjareglanna skulu notaðar til að aðstoða við skilning og túlkun á lyfjareglunum.

24.3 Lyfjareglurnar skal túlka sem sjálfstæðan og óháðan texta og ekki með tilvísun til gildandi laga eða lagaboða undirritunaraðila eða stjórnvalda.

24.4 Fyrirsagnir kafla og greina í lyfjareglunum eru einungis til þæginda og teljast ekki tilheyrja efni lyfjareglanna og hafa ekki áhrif á innihald þeirra ákvæða sem þær vísa til.

24.5 Lyfjareglurnar gilda ekki afturvirkir um óútkljáð mál fyrir þann dag sem undirritunaraðili samþykkir þær og fellir inn í sínar reglur. Þó teljast brot á lyfjareglum, fyrir gildistöku lyfjareglanna, áfram sem “Fyrsta brot” eða “Annað brot” við ákvörðun viðurlaga samkvæmt grein 10 um síðari brot á lyfjareglunum eftir gildistöku.

24.6 Tilgangur, gildissvið og skipulag Alþjóða lyfjareglanna og lyfjareglurnar og Viðauki 1, Skilgreiningar og Viðauki 2, Dæmi um beitingu greinar 10 skulu teljast hluti af lyfjareglunum.

## **GREIN 25 BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI**

### **25.1 Almenn beiting lyfjareglanna 2015**

Lyfjareglurnar 2015 skulu gilda að öllu leyti frá og með 1. janúar, 2015 (Gildisdagur).

### **25.2 Ekki afturvirkar nema greinar 10.7.5 og 17 eða meginreglan um “Lex Mitior” eigi við.**

Afturvirku tímabilin þar sem fyrri brot má vega vegna margra brota samkvæmt grein 10.7.5 og fyrningarfresti eins og lýst er í grein 17 eru verklagsreglur og skal beitt afturvirkir, svo fremi að grein 17 skal eingöngu beita afturvirkir ef fyrningarfrestur er ekki liðinn á gildisdegi. Að öðrum kosti, varðandi brot á lyfjareglum sem er óútkljáð á gildisdegi og öll brot á lyfjareglum sem lögð eru fram eftir gildisdag og byggjast á broti á lyfjareglum sem átti sér stað fyrir gildisdag, skulu þær reglur ráða sem voru í gildi á þeim tíma sem meint brot átti sér stað, nema dómstóllinn úrskurði að meginreglan um “lex mitior” eigi við málsatvik (þ.e. reglan sé hagstæðari hinum ákærða).

### **25.3 Beiting úrskurða fyrir lyfjareglurnar 2015**

Varðandi mál þar sem lokaúrskurður um brot á lyfjareglum var kveðinn upp fyrir gildisdag, en íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur er enn að afplána keppnisbann á gildisdegi, má íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur áfrýja til lyfjaeftirlitsins sem sá um meðferð niðurstaðnanna í brotinu á lyfjareglunum og fara fram á styttingu á keppnisbanni í ljósi lyfjareglanna 2015. Slík umsókn verður að leggjast fram áður en keppnisbannstími er útrunninn. Ákvörðun lyfjaeftirlitsins má

áfrýja samkvæmt grein 13.2. Lyfjareglurnar 2015 gilda ekki um nein brot á lyfjareglum þar sem lokaúrskurður um brot á lyfjareglum hefur verið kveðinn upp og keppnisbannstími liðinn.

#### **25.4 Mörg brot þar sem fyrsta brot er fyrir 1. janúar 2015**

Varðandi mat á keppnisbanni fyrir annað brot samkvæmt grein 10.7.1, þar sem viðurlög við fyrsta broti voru ákvörðuð á grundvelli reglnanna fyrir 2015, skal það keppnisbann gilda sem hefði verið dæmt ef lyfjareglurnar 2015 hefðu verið í gildi.

#### **25.5 Aðrar breytingar á lyfjareglunum**

Allar aðrar breytingar á lyfjareglunum taka gildi eins og kveðið er á um í grein 23.7

## VIÐAUKI 1

### SKILGREININGAR

ADAMS: Umsjónarkerfi lyfjaeftirlits er vefgagnagrunnur fyrir gagnafærslur, geymslu, miðlun og skýrslugjöf, hannað til að aðstoða hagsmunaaðila og Alþjóðalyfjaeftirlitið (WADA) í baráttu gegn ólöglegri lyfjamisnotkun í tengslum við lög um gagnavernd.

Gjöf: Veiting, umsýsla, fyrirgreiðsla eða önnur þátttaka í notkun annars aðila eða tilraun til notkunar á bönnuðu efni eða bannaðri aðferð. Þó skal þessi skilgreining ekki ná til aðgerða heilbrigðisstarfsmanna í góðri trú varðandi bannað efni eða bannaða aðferð sem notuð var í einlægum og lækningu tilgangi eða með öðrum ásættanlegum rökstuðningi og skal ekki ná til aðgerða sem fela í sér bönnuð efni sem eru ekki bönnuð í prófunum utan keppni nema aðstæður í heild sýni fram á að slík bönnuð efni séu ekki ætluð í raunsonnum og lagalegum lækningatilgangi eða eru ætluð til að bæta íþróttarárangur.

Óeðlilegar niðurstöðu greiningar: Skýrsla frá WADA-vottaðri rannsóknarstofu eða annarri rannsóknarstofu sem WADA hefur samþykkt, sem greinir í sýni tilvist bannaðs efnis eða myndefni þess eða leiðarmerki (þar á meðal aukið magn innrænna efna) eða vísbendingu um notkun bannaðrar aðferðar, í samræmi við alþjóðareglur fyrir rannsóknarstofur og tengd tækniskjöl.

Óeðlilegar lífskilríkjaniðurstöður: Skýrsla sem er auðkennd Óeðlilegar lífskilríkjaniðurstöður eins og lýst er í viðeigandi alþjóðareglum.

Lyfjaeftirlit: Undirritunaraðili sem ber ábyrgð á samþykkt reglna til að hafa frumkvæði að, framkvæma eða framfylgja einhverjum hluta lyfjaeftirlitsferilsins. Þetta nær til Alþjóða Ólympíunefndarinnar, Ólympíuráðs fatlaðra, annarra stórmótshaldara sem hafa lyfjapróf á mótum sínum, WADA, alþjóðasambanda og lyfjaeftirlita landa.

Íþróttamaður: Sérhver einstaklingur sem keppir í íþrótt á alþjóðlegu stigi (eins og hvert alþjóðasamband skilgreinir hana) eða landsstigi (eins og Landslyfjaeftirlitið skilgreinir hana.) Lyfjaeftirlit hefur vald til að láta lyfjareglur gilda um íþróttamann sem er hvorki á alþjóðastigi né landsstigi svo þeir falli undir skilgreininguna um "íþróttamann." Varðandi íþróttamenn sem eru hvorki á alþjóðastigi né landsstigi getur lyfjaeftirlit kosið að: sjá um takmarkaða prófun eða enga prófun; leita að hluta bannaðra efna í sýni; gera takmarkaðar eða engar kröfum um dvalarstaðarupplýsingar; eða krefjast ekki TUE fyrirfram. En ef íþróttamaður, sem lyfjaeftirlit hefur lögsögu yfir og keppir fyrir neðan alþjóðastig eða landsstig brýtur lyfjareglur hvað varðar grein 2.1, 2.3 eða 2.5, verður að beita viðurlögum lyfjareglna (fyrir utan grein 14.3.2). Að því er varðar grein 2.8 og grein 2.9 og upplýsingar um lyfjamisnotkun og fræðslu, telst sérhver einstaklingur íþróttamaður sem tekur þátt í íþrótt sem heyrir undir valdsvið undirritunaraðila, stjórnvalda eða annarra íþróttastofnana sem samþykkja lyfjareglurnar.

Lífskilríki íþróttamanns: Áætlunin og aðferðir við öflun gagna eins og lýst er í alþjóðlegum lögum um lyfjapróf og rannsóknir og alþjóðlegum reglum fyrir rannsóknarstofur.

Aðstoðarfólk íþróttamanns: Sérhver þjálfari, stjórnandi, umboðsmaður, liðsstarfsmaður, lækni, sjúkraliði, foreldri eða annar einstaklingur sem starfar með eða sinnir íþróttamanni í keppni eða við undirbúning fyrir íþróttakeppni.

Tilraun: Meðvituð þátttaka í atferli sem telst efnislegt skref í framferði sem ætlað er að enda með broti á lyfjareglu. Brot á lyfjareglu skal ekki byggjast eingöngu á tilraun til brots ef einstaklingurinn hættir við tilraunina áður en hún uppgötvast af þriðja aðila sem tekur ekki þátt í tilrauninni.

Ódæmigerð niðurstaða: Skýrsla frá WADA-vottaðri rannsóknarstofu eða öðrum aðila sem WADA hefur samþykkt og krefst frekari rannsóknar eins og kveðið er á um í alþjóðareglum fyrir rannsóknarstofur eða tengd tækniskjöl, fyrir úrskurð um óeðlilegar niðurstöður.

Ódæmigerð skilríkjaniðurstaða: Skýrsla sem lýst er sem ódæmigerðri niðurstöðu samkvæmt lýsingu í viðeigandi alþjóðareglum.

CAS: Gerðardómur íþrótta.

Lyfjareglurnar: Alþjóðalyfjareglurnar.

Keppni: Kapphlaup, viðureign, leikur eða einstök íþróttakeppni. Til dæmis, körfuboltaleikur eða úrslit í 100 metra hlaupi á Ólympíuleikunum. Fyrir hlutakeppni og aðrar íþróttakeppni þar sem verðlaun eru veitt á daglegum grundvelli eða öðrum millibilsgrundvelli gildir aðgreiningin milli *keppni* og *móts* eins og reglur viðkomandi alþjóðasambands kveða á um.

Afleiðingar brots á lyfjareglum (“Viðurlög”): Brot íþróttamanns eða annars einstaklings á lyfjareglu getur haft eina eða fleiri eftirfarandi afleiðingu: (a) Brottvísun þýðir að árangur íþróttamannsins í einstakri keppni eða móti er ógiltur með öllum fylgjandi afleiðingum svo sem sviptingu verðlaunapeninga, stiga og verðlauna; (b) Keppnisbann þýðir að íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur er í banni vegna brots á lyfjareglum í tilgreindan tíma frá þátttöku í öllum keppnum eða annarri starfsemi eða fjárveitingum eins og kveðið er á um í grein 10.12.1; (c) Bráðabirgða brottrekstur þýðir að íþróttamanninum eða öðrum einstaklingi er bannað tímabundið að taka þátt í keppni eða starfsemi þar til lokaákvörðun hefur verið tekin við skýrslugjöf samkvæmt grein 8 (Réttur á sanngjarnri skýrslugjöf): (d) Fjárhagslegar afleiðingar merkir álagningu sektar vegna brots á lyfjareglum eða til að endurheimta kostnað vegna brotsins; og (e) Opinber birting eða upplýsingagjöf merkir miðlun eða dreifing upplýsinga til almennings eða aðila fram yfir þá sem rétt eiga á tilkynningu samkvæmt grein 14. Lið í liðaíþróttum geta einnig sætt viðurlögum eins og kveðið er á um í grein 11.

Menquð vara: Vara sem inniheldur bannað efni sem ekki er getið á framleiðslumerki eða í tiltækum upplýsingum á netinu.

Brottvísun: Sjá afleiðingar brots á lyfjareglum hér að ofan.

Lyfjaeftirlit: Öll skref og ferli, allt frá skipulagningu á dreifingu prófa til lokaúrskurðar um áfrýjun, sem felur í sér öll skref og ferla þar á milli, svo sem ákvæðið um upplýsingu á dvalarstað, sýnatöku og meðhöndlun, greiningu á rannsóknarstofu, undanþágur vegna lækninga, umsjón með niðurstöðum og skýrslugjöf.

Mót: Margar keppni saman undir stjórn eins aðila (t.d. Ólympíuleikarnir, HM í sundi eða Mið-Ameríkuleikarnir).

Mótstími: Tíminn milli upphafs og endis móts eins og mótsstjórn kveður á um.

Mótsvettvangar: Vettvangar sem ábyrgðaraðili móts tiltekur.

Mótstími: Tími milli upphafs og loka móts eins og ábyrgðaraðili móts ákveður.

Sekt: Sekt er allar vanefndir á skyldum eða hirðuleysi í tilteknum aðstæðum. Þættir sem ber að taka mið af við mat á sekt íþróttamanns eða annars aðila eru meðal annars, reynsla íþróttamannsins eða hins aðilans, hvort íþróttamaðurinn eða hinn aðilinn er ólögráða, sérstakar aðstæður eins og fötlun, áhætta sem íþróttamaðurinn átti að þekkja og aðgætni og athugun íþróttamannsins varðandi meinta áhættu. Við mat á sektarstigi íþróttamannsins eða hins aðilans verða metnar kringumstæður að vera sértækar og viðeigandi til að skýra vik íþróttamannsins eða hins aðilans frá væntu atferli. Sem dæmi má nefna þá staðreynd að íþróttamaður myndi missa af tækifæri til að hagnast um umtalsverðar fjárhæðir meðan á keppnisbanni stendur eða að íþróttamaðurinn á stutt eftir af ferli sínum eða tímasetning á íþróttalmanakinu og skal ekki taka mið af þessum atriðum við mögulega styttingu á keppnisbanni samkvæmt grein 10.5.1 eða 10.5.2.

Fjárhagslegar afleiðingar: Sjá Afleiðingar brots á lyfjareglum hér að ofan.

Í keppni: Ef ekki er kveðið á um annað í reglum alþjóðasambands eða viðkomandi ábyrgðaraðila, tákna "í keppni" tímabilið sem hefst tólf stundum fyrir keppni þar sem íþróttamaðurinn er skráður til leiks, þar til keppninni lýkur og sýnatökufæri sem tengist keppninni.

(Athugasemd: Alþjóðasamband eða ábyrgðaraðili móts má ákvarða "keppnistímabil" sem er annað en mótstímabilið.)

Óháð eftirlit: Hópur eftirlitsmanna, undir umsjón WADA, sem fylgist með lyfjaeftirliti á ákveðnum mótum og getur veitt leiðsögn um lyfjaeftirlit og gefur skýrslu um það.

Keppnisbann: Sjá Afleiðingar brots á lyfjareglum hér að ofan.

Einstaklingsíþrótt: Sérhver íþrótt sem er ekki liðsíþrótt.

Alþjóðamót: Mót eða keppni þar sem Alþjóða Ólympíunefndin, Alþjóða-Ólympíuhreyfing fatlaðra, alþjóðasamband, stórmótshaldari, eða önnur alþjóðleg íþróttastofnun er hinn ráðandi aðili yfir mótinu eða skipar tæknistjóra fyrir mótið.

Íþróttamaður á alþjóðlegu stigi: Íþróttamenn sem keppa í íþrótt á alþjóðastigi samkvæmt skilgreiningu hvers alþjóðasambands í samræmi við alþjóðlegar reglur um lyfjapróf og rannsóknir.

(Athugasemd: Samkvæmt alþjóðlegum reglum um lyfjapróf og rannsóknir getur alþjóðasamband ákveðið forsendur til að flokka íþróttamenn sem íþróttamenn á alþjóðastigi, t.d. eftir röðun, þátttöku í tilteknum alþjóðamótum, eftir leyfistegund, o.s.frv. Því er þó skylt að birta þessar forsendur með skýrum og afgerandi hætti svo að íþróttamenn geti staðfest fljótt og auðveldlega hvenær þeir komist á alþjóðastig. Til dæmis, ef forsenda væri þátttaka í tilteknum alþjóðamótum, þá verður alþjóðasambandi að birta lista yfir viðkomandi mót.)

Alþjóðlegar reglur: Reglur WADA til stuðnings reglum. Fylgi við alþjóðleg reglur (frekar en aðrar reglur, venjur eða verklag) skal vera nægilegt til að telja meggi að verklag samkvæmt alþjóðlegum reglum hafi verið með réttum hætti. Alþjóðlegar reglur skulu ná yfir öll tækniskjöl gefin út samkvæmt alþjóðlegum reglum.

Stórmótshaldarar: Þetta hugtak vísar til álfusambanda landsólympíunefnda og annarra alþjóðlegra fjölíþróttastofnana sem starfa sem ráðandi aðili fyrir álfu- svæðis- eða annað alþjóðlegt mót.

Leiðarmerki: Efni, efnaflokkur eða líffræðilegar breytur sem benda til notkunar á bönnuðu efni eða bannaðri aðferð.

Myndefni: Sérhvert efni sem verður til við líffræðilegt umbrotsferli.

Ólögráða einstaklingur: Einstaklingur sem hefur ekki náð átján ára aldri.

Landslyfjaeftirlit: Sá aðili landsins sem hefur grundvallarvald og ábyrgð til að samþykkja og framkvæma lyfjareglur, stjórna sýnatöku, meðferð niðurstaðna og umsjón skýrslugjafar, á landsgrundvelli. Ef til þess bært yfirvald hefur ekki tilnefnt þennan aðila, skal hann vera Ólympíunefnd viðkomandi lands eða fulltrúi hennar.

Landsmót: Íþróttamót eða keppni með þátttöku íþróttamanna á alþjóðlegu stigi eða landsstigi sem er ekki alþjóðamót.

Íþróttamaður á landsstigi: Íþróttamenn sem keppa í íþrótt á landsstigi samkvæmt skilgreiningu lyfjaeftirlits í samræmi við alþjóðlegar reglur um lyfjapróf og rannsóknir.

Landsólympíunefnd: Stofnun sem Alþjóða Ólympíunefndin viðurkennir. Hugtakið landsólympíunefnd nær einnig til íþróttabandalags í þeim löndum þar sem íþróttabandalagið axlar ábyrgð Ólympíunefndar á sviði lyfjaeftirlits.

Án fyrirvara: Lyfjaeftirlit sem á sér stað án fyrirvara gagnvart íþróttamanninum og þar sem fylgst er með íþróttamanninum frá tilkynningu þar til hann hefur veitt sýni.

Engin sök eða vanræksla: Staðfesting íþróttamanns eða annars aðila að hann/hún hafi ekki vitað eða grunað og gæti ekki með réttu hafa vitað eða grunað, þrátt fyrir ítrústu aðgætni, að hann/hún hefði notað eða verið gefið bannað efni eða beitt/ur bannaðri aðferð eða brotið lyfjareglu á annan hátt. Að frátöldum ólögráða aðilum verður íþróttamaður vegna brota á grein 2.1 að staðfesta hvernig bannaða efnið komst í líkama hans/hennar.

Engin alvarleg sök eða vanræksla: Staðfesting íþróttamanns eða hins aðilans að sök hans eða vanræksla í ljósi aðstæðna og með mið af skilyrðunum fyrir enga sök eða vanrækslu, hafi ekki verið alvarleg hvað varðar brotið á lyfjareglunni. Að frátöldum ólögráða aðilum verður íþróttamaður vegna brota á grein 2.1 að staðfesta hvernig bannaða efnið komst í líkama hans/hennar.

(Athugasemd: Varðandi kannabisefni getur íþróttamaður staðfest enga alvarlega sök eða vanrækslu með því að sýna afgerandi fram á að notkun efnis tengist ekki árangri í íþróttum.)

Utan keppni: Allt lyfjaeftirlit sem er ekki í keppni.

Þátttakandi: Íþróttamaður eða aðstoðarfólk íþróttamanns.

Einstaklingur: Einstaklingur, stofnun eða annar aðili.

Varsla. Raunveruleg, eiginleg varsla, eða ætluð varsla (sem er aðeins ef einstaklingurinn hefur einn umráð eða hyggst nota bannaða efnið eða bönnuðu aðferðina eða þeim stað þar sem bannaða efnið eða bannaða aðferðin var til staðar); að því tilskildu að ef einstaklingurinn hefur ekki einn umráð yfir hinu bannaða efni eða bönnuðu aðferð eða þeim stað þar sem bannaða efnið eða bannaða aðferðin er til staðar, þá telst varsla aðeins ætluð ef einstaklingurinn vissi um tilvist hins bannaða efnis/bönnuðu aðferðar og ætlaði sér að hafa umráð yfir því.

Að því tilskildu, samt sem áður, að enga lyfjamisnotkun má byggja eingöngu á vörslu, ef, á undan móttöku tilkynningu þess efnis að einstaklingurinn hafi brotið lyfjareglu, hafi

einstaklingurinn sýnt með atferli sínu að hann ætli sér ekki að hafa vörsluna og kannast ekki við vörslu og skýrir lyfjaeftirlitinu sérstaklega frá því. Þrátt fyrir annað sem fram kemur í þessari skilgreiningu, teljast kaup (rafræn eða annar háttur) á bönnuðu efni eða bannaðri aðferð) varsla þess aðila sem kaupir.

Bannlisti: Listi yfir bönnuð efni og bannaðar aðferðir.

Bönnuð aðferð: Sérhver aðferð sem er lýst á bannlista.

Bannað efni: Sérhvert efni, efnisflokkur sem er lýst á bannlista.

Bráðabirgðaskýrslugjöf: Grein 7.9 kveður á um flýtta, stytta skýrslugjöf fyrir skýrslugjöf samkvæmt grein 8 sem veitir íþróttamanninum fyrirvara og tækifæri til að skýra mál sitt, munnlega eða skriflega.

Bráðabirgða brottrekstur: Sjá *Afleiðingar brota á lyfjareglum* hér að ofan.

Opinber birting eða opinber skýrsla: Sjá *Afleiðingar brota á lyfjareglum* hér að ofan.

Svæðislyfjaeftirlit: Svæðisaðili tilnefndur af aðildarþjóðum til að samræma og stjórna tilteknum sviðum lyfjaeftirlits þeirra sem geta náð til samþykktar og framkvæmdar á lyfjareglum, skipulagningar og töku sýna, meðferð niðurstaðna, skoðun TUE, umsjón með skýrslugjöf og umsjón með fræðsluáætlunum á svæðinu.

Skráður lyfjaprófunarhópur: Hópur íþróttamanna í fremstu röð sem hvert alþjóðasamband og landslyfjaeftirlit skráir sérstaklega á alþjóðastigi og sætir afmörkuðum lyfjaprófum bæði í keppni og utan keppni samkvæmt lyfjaprófunarskipulagi alþjóðasambandsins eða lyfjaeftirlitsins og þurfa því að veita upplýsingar um dvalarstað samkvæmt grein 5.6 í lyfjalögum og alþjóðlegum lögum um lyfjapróf og rannsóknir.

Sýni: Sérhvert lífefni sem er tekið vegna lyfjaeftirlits.

Undirritunaraðilar: Þeir aðilar sem undirrita lyfjareglurnar og samþykkja að fylgja lyfjareglunum eins og grein 23 kveður á um.

Tiltekið efni: Sjá grein 4.2.2.

Afgerandi ábyrgð: Reglan sem kveður á um samkvæmt greinum 2.1 og 2.2 sé ekki nauðsynlegt að ætlun, sekt, vanræksla eða meðvituð notkun íþróttamanns sé rökstudd af hálfu lyfjaeftirlitsins til að staðfesta brot á lyfjareglum.

Umtalsverð aðstoð: Hvað varðar tilgang greinar 10.6.1, verður einstaklingur sem veitir umtalsverða aðstoð að: (1) veita að fullu með skriflegum undirrituðum vitnisburði, allar upplýsingar sem hann eða hún býr yfir um brot á lyfjareglum, og (2) veita fulla samvinnu við rannsókn og dómsálagningu í hverju máli sem tengist þessum upplýsingu, þar á meðal, til dæmis, með vitnisburði við skýrslugjöf ef lyfjaeftirlitið eða dómstóllinn fer fram á það. Enn fremur, verða veittar upplýsingar að vera trúverðugar og vera mikilvægur hluti af hverju því máli sem til er stofnað, eða, ef ekkert mál er höfðað, verða að hafa skapað nægilegan málsgrundvöll.

Fölsun: Breytingar í óviðeigandi tilgangi eða á óviðeigandi hátt; hafa óviðeigandi áhrif; óviðeigandi afskipti til að breyta niðurstöðum eða hindra eðlilegt verklag eða taka þátt í sviksamlegu framferði til að breyta niðurstöðum eða hindra eðlilegan framgang verklagsreglna.



Afmörkuð prófun: Val í lyfjapróf á forsendum sem settar eru fram í alþjóðlegum reglum um lyfjapróf og rannsóknir..

Liðaiþrótt: Íþrótt þar sem innáskiptingar íþróttamanna eru heimilar í keppni.

Prófun: Þeir hlutar lyfjæftirlits sem fela í sér skipulag á dreifingu prófa, sýnistöku, meðferð sýnis og flutning á sýni til rannsóknarstofu.

Viðskipti: Sala, gjöf, flutningur, sending, afhending eða miðlun (eða varsla í slíkum tilgangi) á bönnuðu efni eða bannaðri aðferð (beint eða með rafrænum eða öðrum hætti) af hálfu íþróttamanns, aðstoðarfólks íþróttamanns, eða öðrum einstaklingi sem er undir valdsviði lyfjæftirlitsins til einhverra þriðju aðila, þó með þeim fyrirvara að skilgreining þessi felur ekki í sér aðgerðir læknafræðis í "góðri trú" sem felur í sér bannað efni sem er notað í sönnum og löglegum lækningatilgangi eða hefur aðra ásættanlega skýringu, og felur ekki í sér aðgerðir sem tengjast bönnuðum efnum sem eru ekki bönnuð utan keppni, nema aðstæður í heild sýni að viðkomandi bönnuð efni séu ekki notuð í sönnum og lögmætum læknafræðilegum tilgangi eða ætluð til að bæta árangur í íþrótt.

TUE: Undanþága í lækningaskyni eins og lýst er í grein 4.4.

UNESCO samningurinn: Alþjóðlegi samningurinn gegn lyfjamisnotkun í íþróttum, samþykktur á 33. allsherjarþingi UNESCO, 19. október, 2005, ásamt öllum breytingum sem aðildarríki hafa samþykkt og ráðstefna aðila um alþjóðlegan samning gegn lyfjamisnotkun í íþróttum.

Notkun: Beiting, inntaka, innsprautun eða neysla á einhvern hátt á bönnuðu efni eða bannaðri aðferð.

WADA: Alþjóða lyfjæftirlitið.

## VIÐAUKI 2 –DÆMI UM BEITINGU 10. GREINAR

### 1. DÆMI:

Staðreyndir: Óeðlileg niðurstaða greiningar vegna anabólískra stera í sýni teknu í keppni (grein 2.1); íþróttamaður viðurkennir tafarlaust brot á lyfjareglu; íþróttamaðurinn sýnir fram á enga alvarlega sök eða vanrækslu; og íþróttamaðurinn veitir umtalsverða aðstoð.

Beiting viðurlaga:

1. Upphafspunkturinn myndi vera grein 10.2. Þar sem íþróttamaðurinn telst ekki bera alvarlega sök sem nægir til að staðfesta (Greinar 10.2.1.1 og 10.2.3) að brotið á lyfjareglunum var ekki að yfirlögðu ráði, yrði tímabil óhlutgengis því tvö ár, ekki fjögur ár (Grein 10.2.2).
2. Í næsta áfanga myndi dómurinn greina hvort sektartengd mildun (greinar 10.4 og 10.5) eigi við. Miðað við enga alvarlega sök eða vanrækslu (grein 10.5.2) þar sem anabólískur steri er ekki tilgreint efni, yrði gildandi viðurlagasvið styttr á tveimur árum í eitt ár (lágmarkið er helmingur af tveggja ára viðurlögum). Dómurinn ákveður síðan óhlutgengtímabilið innan þessara marka miðað við sektarstig íþróttamannsins (Gert er ráð fyrir að dómurinn myndi að öðru kosti ákveða 16 mánaða óhlutgengi í þessu tiltekna dæmi).
3. Í þriðja áfanga myndi dómurinn meta möguleikann á frestun eða styttingu samkvæmt grein 10.6 (stytting ótengd sökinni). Í þessu tilviki gildir eingöngu grein 10.6.1 (Umtalsverð aðstoð). (Grein 10.6.3, tafarlaus játning, á ekki við þar sem óhlutgengtímabilið er þegar undir tveggja ára lágmarkinu sem kveðið er á um í grein 10.6.3). Miðað við umtalsverða aðstoð, mætti fresta

þremur fjórðu hlutum af 16 mánaða óhlutgengi.\* Lágmarkstímabil óhlutgengis yrði því fjórir mánuðir. (Gert er ráð fyrir í þessu dæmi að dómurinn fresti tíu mánuðum og óhlutgengtímabilið yrði þannig sex mánuðir).

4. Samkvæmt grein 10.11, hefst tímabil óhlutgengis þegar endanlegur úrskurður er kveðinn upp. En þar sem ípróttamaðurinn viðurkenndi tafarlaust brotið á lyfjareglunum, gæti tímabil óhlutgengis hafist sama dag og sýnataka fór fram, en hvort sem er þarf ípróttamaðurinn að afplána minnst hálf tölutgengtímabilið (þ.e. þrjú mánuðir), eftir að endanlegur úrskurður liggur fyrir (Grein 10.11.2).
5. Þar sem óeðlilegar niðurstöður fundust í keppni, verður dómurinn að ógilda sjálfkrafa allan árangur á viðkomandi móti. (Grein 9).
6. Samkvæmt grein 10.8, er allur árangur ípróttamannsins frá degi sýnatökunnar þar til óhlutgengtímabilið hefst, einnig ógiltur, nema annað teljist sanngjarnt.
7. Upplýsingarnar sem vísað er til í grein 14.3.2 ber að birta opinberlega, nema ípróttamaðurinn sé ólöggráða, þar sem þetta er lögboðinn hluti hverrar refsingar (Grein 10.13).
8. Ípróttamanninum er óheimilt að taka þátt á neinn hátt í keppni eða ípróttatengdri starfsemi sem lýtur lögsögu undirritunaraðila eða aðildarfélags hans á óhlutgengtímanum (Grein 10.12.1). Þó er ípróttamanninum heimilt að hefja æfingar með liði eða nota aðstöðu félags eða aðildarfélags undirritunaraðila eða aðildarfélags hans á þeim tíma sem er styttri: (a) síðustu tveir mánuðir óhlutgengtímabils ípróttamannsins, eða (b) síðasti fjórðungur óhlutgengtímabils (Grein 10.12.2). Þannig yrði ípróttamanninum heimilað að hefja æfingar að nýju einum og hálfum mánuði áður en óhlutgengtímabili hans lýkur.

#### DÆMI 2:

Staðreyndir: Óeðlileg niðurstaða vegna örvandi efnis sem er tilgreint efni í sýni teknu í keppni (Grein 2.1); lyfjæftirlitið getur staðfest að brot ípróttamannsins er að yfirlögðu ráði; ípróttamaðurinn getur ekki staðfest að bannaða efnið var notað utan keppni í samhengi sem er ótengt ípróttarárangri; ípróttamaðurinn viðurkennir ekki tafarlaust meint brot; ípróttamaðurinn veitir umtalsverða aðstoð.

#### Beiting viðurlaga:

1. Upphafspunkturinn myndi vera grein 10.2. Þar sem lyfjæftirlitið getur staðfest að brotið var að yfirlögðu ráði og að ípróttamaðurinn getur ekki staðfest að efnið var heimilað utan keppni og notkunin var ótengd ípróttarárangri ípróttamannsins (Grein 10.2.3), yrði tímabil óhlutgengis því fjögur ár (Grein 10.2.1.2).
2. Þar sem brotið var að yfirlögðu ráði er ekkert svigrúm fyrir styttingu á grundvelli sektar (ekki hægt að beita grein 10.4 eða grein 10.5). Miðað við umtalsverða aðstoð mætti fresta allt að þremur fjórðu hlutum fjögurra ára \* Lágmarksóhlutgengi yrði þannig eitt ár.
3. Samkvæmt grein 10.11 hefst óhlutgengtímabil daginn sem endanlegur úrskurður er kveðinn upp.
4. Þar sem óeðlilegu niðurstöðurnar fengust í keppni ógildir dómurinn sjálfkrafa allan árangur í viðkomandi keppni.
5. Samkvæmt grein 10.8 er allur árangur ípróttamannsins eftir sýnatöku fram að upphafi óhlutgengtímabils einnig ógiltur nema annað teljist sanngjarnt.
6. Upplýsingarnar sem vísað er til í grein 14.3.2 verður að birta opinberlega nema ípróttamaðurinn sé ólöggráða, þar sem þetta er lögboðinn hluti hverrar refsingar (Grein 10.13).
7. Ípróttamanninum er óheimilt að taka þátt á neinn hátt í keppni eða ípróttatengdri starfsemi sem lýtur lögsögu undirritunaraðila eða aðildarfélags hans á óhlutgengtímanum (Grein 10.12.1). Þó er ípróttamanninum heimilt að hefja æfingar með liði eða nota aðstöðu félags eða aðildarfélags undirritunaraðila eða aðildarfélags hans á þeim tíma sem er styttri: (a) síðustu tveir mánuðir óhlutgengtímabils ípróttamannsins, eða (b) síðasti fjórðungur óhlutgengtímabils (Grein 10.12.2). Þannig yrði ípróttamanninum heimilað að hefja æfingar að nýju tveimur mánuðum áður en óhlutgengtímabili hans lýkur.

### DÆMI 3:

Staðreyndir: Óeðlileg niðurstaða sýnis vegna anabólíks stera í sýni teknu utan keppni (Grein 2.1); íþróttamaðurinn sýnir fram á enga umtalsverða sekt eða vanrækslu; íþróttamaðurinn staðfestir einnig að óeðlilega niðurstaðan er vegna mengaðrar vöru.

Beiting viðurlaga:

1. Upphafspunkturinn er grein 10.2. Þar sem íþróttamaðurinn getur staðfest með gögnum að brotið var ekki að yfirlögðu ráði, þ.e. engin umtalsverð sekt í notkun mengaðrar vöru (Greinar 10.2.1.1 og 10.2.3) yrði tímabil óhlutgengis tvö ár (Grein 10.2.2).
2. Í næsta áfanga greinir dómurinn sektartengda möguleika á styttingu (Greinar 10.4 og 10.5). Þar sem íþróttamaðurinn getur staðfest að brotið var vegna mengaðrar vöru og enga umtalsverða sekt eða vanrækslu á grundvelli greinar 10.5.1.2, má stytta gildandi mörk óhlutgengis í tvö ár til áminningar. Dómurinn ákveður síðan tímabil óhlutgengis innan þessara marka miðað við sektarstig íþróttamannsins. (Gert er ráð fyrir til skýringa í þessu dæmi að dómurinn myndi annars úrskurða óhlutgengitímabilið sem fjóra mánuði.)
3. Samkvæmt grein 10.8, er allur árangur íþróttamannsins frá sýnatöku þar til óhlutgengitímabilið hefst, dæmdur ógildur, nema annað teljist sanngjarnt.
4. Upplýsingarnar sem vísað er til í grein 14.3.2 verður að birta opinberlega nema íþróttamaðurinn sé ólöggráða, þar sem þetta er lögboðinn hluti hvernar refsingar (Grein 10.13).
5. Íþróttamanninum er óheimilt að taka þátt á neinn hátt í keppni eða íþróttatengdri starfsemi sem lýtur lögsögu undirritunaraðila eða aðildarfélags hans á óhlutgengitímanum (Grein 10.12.1). Þó er íþróttamanninum heimilt að hefja æfingar með liði eða nota aðstöðu félags eða aðildarfélags undirritunaraðila eða aðildarfélags hans á þeim tíma sem er styttri: (a) síðustu tveir mánuðir óhlutgengitímabils íþróttamannsins, eða (b) síðasti fjórðungur óhlutgengitímabils (Grein 10.12.2). Þannig yrði íþróttamanninum heimilað að hefja æfingar að nýju einum mánuði áður en óhlutgengitímabili hans lýkur.

### DÆMI 4:

Staðreyndir: Íþróttamaður sem aldrei hefur fengið óeðlilega niðurstöðu eða verið vændur um brot á lyfjareglum, viðurkennir að fyrra bragði að hún notaði anabólíska stera til að bæta árangur sinn. Íþróttamaðurinn veitir einnig umtalsverða aðstoð.

Beiting viðurlaga:

1. Þar sem brotið var að yfirlögðu ráði, gildir grein 10.2.1 og grunntímabil óhlutgengis yrði fjögur ár.
2. Ekkert svigrúm er fyrir sektartengda styttingu á tímabili óhlutgengis (Greinar 10.4 og 10.5 eiga ekki við).
3. Vegna viðurkenningar íþróttamannsins einnar og sér (Grein 10.6.2) má stytta tímabil óhlutgengis um allt að helming fjögurra ára. Eingöngu á grundvelli umtalsverðrar aðstoðar íþróttamannsins (Grein 10.6.1) mætti fresta allt að þremur fjórðu hlutum þessara fjögurra ára. \* Samkvæmt grein 10.6.4, með tilliti til viðurkenningar að fyrra bragði og umtalsverðrar aðstoðar, er heimilt að stytta refsinguna eða fresta henni um allt að þremur fjórðu hlutum þessara fjögurra ára. Lágmarkstími óhlutgengis yrði eitt ár.
4. Tímabil óhlutgengis, samkvæmt meginreglunni, hefst við lokaúrskurð (Grein 10.11). Ef tekið er tillit til viðurkenningar að fyrra bragði við styttingu þess, yrði óheimilt að hefja þetta tímabil óhlutgengis snemma samkvæmt grein 10.11.2. Ákvæðinu er ætlað að kom í veg fyrir að íþróttamaður hagnist tvisvar á sömu kringumstæðum. En ef tímabili óhlutgengis er frestað eingöngu á grundvelli viðurkenningar að fyrra bragði, má samt beita grein 10.11.2, og hefja tímabil óhlutgengis við síðustu notkun íþróttamanns á anabólískum sterum.

5. Samkvæmt grein 10.8, er allur árangur íþróttamannsins frá sýnatöku þar til óhlutgengitímabilið hefst, dæmdur ógildur, nema annað teljist sanngjarnt.
6. Upplýsingarnar sem vísað er til í grein 14.3.2 verður að birta opinberlega nema íþróttamaðurinn sé ólöggráða, þar sem þetta er lögboðinn hluti hvernar refsingar (Grein 10.13).
7. Íþróttamanninum er óheimilt að taka þátt á neinn hátt í keppni eða íþróttatengdri starfsemi sem lýtur lögsögu undirritunaraðila eða aðildarfélags hans á óhlutgengitímanum (Grein 10.12.1). Þó er íþróttamanninum heimilt að hefja æfingar með liði eða nota aðstöðu félags eða aðildarfélags undirritunaraðila eða aðildarfélags hans á þeim tíma sem er styttri: (a) síðustu tveir mánuðir óhlutgengitímabils íþróttamannsins, eða (b) síðasti fjórðungur óhlutgengitímabils (Grein 10.12.2). Þannig yrði íþróttamanninum heimilað að hefja æfingar að nýju tveimur mánuðum áður en óhlutgengitímabili hans lýkur.

#### DÆMI 5:

##### Staðreyndir:

Aðstoðarmaður íþróttamanns hjálpar honum að sniðganga tímabil óhlutgengis með því að skrá íþróttamanninn í keppni undir fölsku nafni. Aðstoðarmaður íþróttamannsins tilkynnir þetta brot á lyfjareglu (Grein 2.9) að fyrra bragði áður en lyfjaeftirlitið tilkynnir honum um téð brot á lyfjareglunni.

##### Beiting viðurlaga:

1. Samkvæmt grein 10.3.4, yrði tímabil óhlutgengis frá tveimur til fjögurra ára, miðað við alvarleika brotsins (til fróðleiks er gert ráð fyrir í þessu dæmi að dómurinn myndi annars ákveða þriggja ára óhlutgengi).
2. Ekkert svigrúm er fyrir styttingu vegna sektar þar sem ætlun er hluti af brotinu á grein 2.9 (Sjá athugasemd við grein 10.5.2).
3. Samkvæmt grein 10.6.2, svo fremi að viðurkenning sé eina áreiðanlega sönnunin, má stytta tímabil óhlutgengis um helming. (Til fróðleiks er gert ráð fyrir því í þessu dæmi að dómurinn ákveði átján mánaða óhlutgengi.)
4. Upplýsingarnar sem vísað er til í grein 14.3.2 verður að birta opinberlega nema íþróttamaðurinn sé ólöggráða, þar sem þetta er lögboðinn hluti hvernar refsingar (Grein 10.13).

#### DÆMI 6:

Staðreyndir: Íþróttamaður sætti viðurlögum fyrir fyrsta brot á lyfjareglu með óhlutgengi í fjórtán mánuði, þar sem frestun nam fjórum mánuðum vegna umtalsverðrar aðstoðar. Nú brýtur íþróttamaðurinn aftur lyfjareglu með tilvist örvandi efnis sem er ekki tilgreint efni í sýni sem tekið er í keppni (Grein 2.1); íþróttamaðurinn staðhæfir enga alvarlega sekt eða vanrækslu; og íþróttamaðurinn veitti umtalsverða aðstoð. Væri þetta fyrsta brot myndi dómurinn ákveða óhlutgengi í sextán mánuði og fresta sex mánuðum vegna umtalsverðrar aðstoðar.

##### Beiting viðurlaga:

1. Grein 10.7 gildir um seinna brotið því grein 10.7.4.1 og grein 10.7.5 eiga við.
2. Samkvæmt grein 10.7.1 yrði tímabil óhlutgengis það sem er lengra af eftirtöldu:
  - (a) sex mánuðir;
  - (b) helmingur óhlutgengistímans sem dæmdur var fyrir fyrsta brotið án tillits til styttinga samkvæmt grein 10.6 (í þessu dæmi myndi þetta jafngilda helmingi af 14 mánuðum, sem eru sjö mánuðir); eða
  - (c) tvöfalt tímabil óhlutgengis sem annars gildir um seinna brotið ef það væri meðhöndlað eins og fyrsta brot, án tillits til styttinga samkvæmt grein 10.6 (í þessu dæmi jafngildir það tvisvar sinnum 16 mánuðir, sem eru 32 mánuðir).

Þannig yrði tímabil óhlutgengis fyrir seinna brotið það sem lengst er af (a), (b) og (c) sem er óhlutgengi í 32 mánuði.

3. Í næsta áfanga metur dómurinn möguleika á frestun/brottvísun, samkvæmt grein 10.6 (Styttingar ótengdar sekt). Varðandi annað brotið gildir aðeins grein 10.6.1 (Umtalsverð aðstoð). Miðað við umtalsverða aðstoð, má fresta óhlutgengtíma um þrjá fjórðu hluta af 32 mánuðum. \* Lágmarkstími óhlutgengis yrði þannig átta mánuðir. (Gert er ráð fyrir í þessu dæmi að dómurinn fresti átta mánuðum óhlutgengis fyrir umtalsverða aðstoð og stytta þannig óhlutgengtíma í tvö ár.)
4. Þar sem óeðlilegu niðurstöðurnar fengust í keppni ógildir dómurinn sjálfkrafa allan árangur í viðkomandi keppni.
5. Samkvæmt grein 10.8, er allur árangur íþróttamannsins frá sýnatöku þar til óhlutgengtímabilið hefst, dæmdur ógildur, nema annað teljist sanngjarnt.
6. Upplýsingarnar sem vísað er til í grein 14.3.2 verður að birta opinberlega nema íþróttamaðurinn sé ólöggráða, þar sem þetta er lögboðinn hluti hvernar refsingar (Grein 10.13).
7. Íþróttamanninum er óheimilt að taka þátt á neinn hátt í keppni eða íþróttatengdri starfsemi sem lýtur lögsögu undirritunaraðila eða aðildarfélags hans á óhlutgengtímanum (Grein 10.12.1). Þó er íþróttamanninum heimilt að hefja æfingar með liði eða nota aðstöðu félags eða aðildarfélags undirritunaraðila eða aðildarfélags hans á þeim tíma sem er styttri: (a) síðustu tveir mánuðir óhlutgengtímabils íþróttamannsins, eða (b) síðasti fjórðungur óhlutgengtímabils (Grein 10.12.2). Þannig yrði íþróttamanninum heimilað að hefja æfingar að nýju tveimur mánuðum áður en óhlutgengtímabili hans lýkur.

- 
- Að fengnu samþykki WADA við sérstakar kringumstæður getur hámarksfrestur á óhlutgengtíma fyrir umtalsverða aðstoð orðið lengri en þrjú fjórðu hlutar og skýrslugjöf og birtingu má fresta.